

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
ÁRSSKÝRSLA 2009

## EFNISYFIRLIT

- 3** ÁVARP REKTORS
- 6** STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
- 7** HÁSKÓLARÁÐ
- 8** SIÐAREGLUR
- 10** SKIPULAG
- 11** MANNAUÐS- OG GÆÐAMÁL
- 13** HÚSNÆÐISMÁL
- 13** NEMENDUR 2009
- 15** DEILDIR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
- 18** TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD – TVD
- 19** LAGAEILD – LD
- 21** KENNSLUFRÆÐI – OG LÝÐHEILSUDEILD – KLD
- 23** TÖLVUNARFRÆÐIDEILD – TD
- 26** VIÐSKIPTAEILD
- 29** RANNSÓKNIR VIÐ HR
- 30** OPNI HÁSKÓLINN Í HR
- 32** STÚDENTAPJÓNUSTA
- 33** ATVINNUPJÓNUSTA
- 34** FRÆ-ÍÐ
- 35** ALPJÓÐASKRIFSTOFA
- 35** BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAPJÓNUSTA
- 37** MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL
- 42** HUGMYNDAHÚS HÁSKÓLANNA
  
- 45** ÁRSREIKNINGUR 2009

## ÁVARP REKTORS

Háskólinn í Reykjavík heldur áfram að vaxa og dafna og er nú orðinn stærsti tækni- og viðskiptaháskóli landsins. HR útskrifar fleira tæknimenntað fólk og fleiri viðskiptafræðinga en aðrir háskólar á Íslandi. Nemendur eru um 3.000 í fimm deildum. Kennarar við skólann eru um fjögur hundruð og erlendir gestakennarar eru á fjórða tug.

Samtals hefur skólinn frá árinu 2005, þegar HR og Tækniháskóli Íslands voru sameinaðir, og fram í janúar 2010 brautskráð nærri 3.800 kandídata. Met var slegið vorið 2009 þegar alls 498 brautskráðust frá HR. Um 30% þeirra brautskráðust með meistara-gráðu og aldrei áður hafa jafn margir meistaranemar verið útskrifaðir frá skólanum.

Háskólinn í Reykjavík leggur ríka áherslu á að tryggja góða aðstöðu nemenda og bæta rannsóknaraðstöðu. Mikilvægum áfanga að þeim markmiðum var náð um áramótin 2009/2010 þegar stór hluti starfsemi skólans var fluttur í glæsilegt húsnæði HR við rætur Öskjuhlíðar í Nauthólsvík. Skólinn verður í framtíðinni á einum stað í stað þess að dreifast á fjóra mismunandi staði í borginni.

Sá hluti byggingarinnar sem fyrst var tekinn í notkun er um 23.000 fermetrar en síðar á árinu 2010 bætist við 7.000 fermetra álma. Í byggingunni verða um 50 kennslustofur og rannsóknarrými af mismunandi stærðum, allt frá því að vera fyrir litla vinnuhópa upp í 160 manna fyrirlestrarsali. Hönnun byggingarinnar er í samræmi við hugmyndafræði og stefnu skólans um þverfagleika og opin samskipti á milli fræðasviða.

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að nýja byggingin yrði 37.000 fermetrar en í kjölfar efnahagshrunsins var ákveðið að fresta byggingu tveggja smærri álma um óákveðinn tíma.

Háskólinn í Reykjavík hefur ekki fremur en aðrir farið varhluta af efnahagsástandinu. Þrátt fyrir það er fjárhagsstaða skólans góð enda hefur rekstrarafkoma verið jákvæð undanfarin ár. Engar langtímaskuldir hvíla á HR. Vegna aukins kostnaðar og niðurskurðar frá ríkinu þurftu stjórnendur skólans þó að grípa til ýmissa nauðsynlegra aðhaldsaðgerða á árinu og voru laun og rekstrar-kostnaður lækkaður.

Í HR er markvisst unnið að því að efla akademískan styrk skólans og hefur árangurinn ekki látið á sér standa. Þannig hefur fjöldi vísindagreina í ritrýndum tímaritum tvöfaldast á árunum 2005 til 2007. Hátt hlutfall ritrýndra greina er auk þess birt í ISI tímaritum.

Akademískur styrkur er líka að hluta til mældur með því hversu hátt hlutfall kennara við háskólann hefur lokið doktorsprófi. Rúmlega 60% lektora, dósentar og prófessora við skólann eru með doktorspróf og hafa margir sterkir nýliðar bæst í hópinn á undanförunum misserum.

Skólinn leggur mikið upp úr því að efla nám og kennslu með reglubundnu mati, úttektum, eftirliti og fræðslu. Kennslumat meðal nemenda fer fram tvisvar á önn og kennslupjálafari er í fullu starfi við skólann og aðstoðar kennara við skipulag náms, gerð hæfniviðmiða, umbótastarf og innleiðingu nýjunga í kennsluháttum.

HR vill að nemendur fái sem mest út úr náminu og þess vegna hefur Stúdentapjónustan meðal annars tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða fjölbreytt og þverfagleg námskeið fyrir nemendur. Má þar m.a. nefna námskeið um tímastjórnun og markmiðssetningu, hraðlestrarnámskeið og námskeið um akademísk vinnubrögð. Skemmst er frá því að segja að þau hafa fallið í góðan jarðveg meðal nemenda og verið mjög vel sótt. Alls voru 75 námskeið haldin á árinu og sóttu þau 1.442 nemendur.

Eitt af markmiðum HR er að auka alþjóðlega færni nemenda og þess vegna er skólinn í samstarfi við háskóla í Evrópu innan Erasmus-áætlunarinnar og Nordplus-áætlunarinnar. Hann er jafnframt með tvíhliða samninga við háskóla utan Evrópu. Þessir samningar veita möguleika á stúdenta- og kennaraskiptum og t.a.m. voru 53 HR-nemar í skiptinámi erlendis á haustönn 2009. Á móti hafa fjölmargir erlendir nemendur stundað nám við HR.

Árið 2009 var eins og sjá má gott og gjöfult fyrir HR og HR-inga, og það er sannfæring mín að árið 2010 verði enn betra. Ég vil þakka öllum starfsmönnum, nemendum og velunnurum HR kærlega fyrir þeirra framlag til skólans á árinu og óska þeim alls hins besta um alla framtíð.

*Dr. Svafa Grönfeldt*  
*rektor Háskólans í Reykjavík*

## STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



#### STEFNA HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Þeim sem er tekið eins og hann er verður eins og hann er.

Þeim sem er tekið eins og hann gæti orðið verður sá sem hann gæti orðið.

-Goethe

#### Við sköpum og miðlum þekkingu...

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu. Það er framlag okkar til samfélagsins sem við erum þátttakendur í. Samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og þjóða á 21. öldinni ræðst af hæfni þeirra til að nýta þekkingu til framfara og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

Við sköpum þekkingu með rannsóknum og nýsköpun sem eiga erindi til vísindasamfélagsins og atvinnulífsins. Við virðum frelsi hugans til sköpunar en gerum strangar kröfur um fagleg vinnu-brögð og gæði. Við setjum markið hátt og leitum samstarfs við þá bestu. Rannsóknir og nýsköpun eru undirstaða kröftugrar þekkingarsköpunar.

#### Við stefnum markvisst að því að auka rannsóknarvirkni okkar, vegna þess að:

- Samfélagið þarf á þekkingarsköpun að halda til að auka hagvöxt og lífsgæði
- Akademísk staða okkar er metin á grundvelli rannsóknarvirkni
- Rannsóknir opna nýjar leiðir til tekjuöflunar og faglegrar uppbyggingar

**Akademísk staða okkar** er metin með tilliti til þriggja meginþátta. Til að styrkja stöðu okkar enn frekar og auka samkeppnishæfni Háskólans í Reykjavík í samanburði við aðra háskóla hér á landi og í nágrannalöndunum munum við:

- Fjölga kennurum með doktorspróf
- Auka fjölda birtinga í ritrýndum tímaritum
- Auka sókn okkar í rannsóknarfé úr samkeppnissjóðum

#### SÉRSTAÐA okkar markast hins vegar af:

- Lífandi kennsluaðferðum og virkri þátttöku nemenda
- Sterkum tengslum við atvinnulífið
- Samstarfi við alþjóðlega fræðimenn og gestakennara
- Möguleikum á að aðlaga kennsluaðferðir og aðgengi að þjónustu okkar í takt við þarfir nútíma samfélags

Við myndum HINA FULLKOMNU HEILD því innan veggja Háskólans í Reykjavík starfa einstaklingar sem stunda rannsóknir á heimsmælikvarða, einstaklingar með mikla reynslu úr atvinnu-lífinu og fjöldi erlendra gestakennara. Þessi breidd skapar tækifæri til að skapa skólanum sterka akademíska stöðu, alþjóðlegan blæ og bjóða hagnýtt nám með þarfir atvinnulífsins í fyrirríumi.

#### ...til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði

Við sköpum og miðlum þekkingu með það að leiðarljósi að auka samkeppnishæfni nemenda okkar og samstarfsaðila. Við leggjum jafnframt kapp á að auka okkar eigin samkepnisfærni með stöðugri þekkingarleit og starfsþróun. Við stöðnum ekki og horfum ávallt fram á við. Við hikum ekki við að fara ótroðnar slóðir og við leitum stöðugt nýrra leiða til að auka færni okkar, tryggja alþjóð-leg gæði rannsókna og kennslu og bæta þannig framlag okkar til samfélagsins. Til að ná tilætluðum árangri þarf sérhvert okkar að berjast til að ná afburðaárangri. Afburðaárangur næst ekki nema með framúrskarandi ástundun og færni. Við vinnum óháð landamærum og höfum kjark til að brjóta hömlur sem við og aðrir setjum okkur.

Við í Háskólanum í Reykjavík höfum einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í samfélaginu. Með störfum okkar höfum við tækifæri til að móta framtíðina, til hagsbóta fyrir hvern og einn einstakling sem og samfélagið í heild. Það gerum við með þekkingunni sem við sköpum, með þekkingunni sem við miðlum og með brennandi áhuga okkar og löngun til að láta gott af okkur leiða. Góð menntun er lífsgæði fyrir þann sem hennar nýtur og við viljum að stúdentar og starfsmenn upplifi það og njóti þess að nema og starfa hjá Háskólanum í Reykjavík.

#### Alþjóðleg og þverfagleg

Starfsumhverfi fyrirtækja og einstaklinga hefur gjörbreyst með tilkomu alþjóðavæðingar. Hún færir okkur tækifæri fremur en ógn. Þekkingarmiðlun er besta vopnið á tímum síaukinnar samkeppni. Með því að sinna hlutverki okkar af kostgæfni öðlast nemendur okkar þekkingu og þjálfun til að takast betur á við krefjandi aðstæður. Við eflum þannig samkeppnishæfni þeirra í þekkingar-samfélagi nútímans.

En til þess að svo megi verða tökum við í Háskólanum í Reykja-vík mið af kröfum atvinnulífsins. Skiliin á milli fræðasviða verða sífellt óskýrari og samþætting á milli þeirra mikilvægari. Krafan um aukna samskiptaleikni og færni í alþjóðlegum samskiptum til að tryggja hnökralaust samstarf á milli ólíkra menningarheima og sér-fræðisviða gerist æ háværi. Við tryggjum að nemendur okkar og kennarar búi yfir bestu sérfræðiþekkingu sem völ er á og stuðlum

jafnframt að þverfaglegri hæfni þeirra með auknum valkostum og samþættingu. Kennsluaðferðir þurfa að vera hvetjandi og þjálfá samskiptaleikni og tungumálakunnáttu nemenda.

Til að skipa Háskólanum í Reykjavík sess sem alþjóðlegur háskóli munum við:

- Auka samstarf við leiðandi skóla á hverju sviði með aðkomu þeirra að hönnun námsbrauta, kennslu og gæðastöðlum
- Kanna möguleika á þátttöku okkar í samstarfsnetum háskóla
- Fjölga erlendum nemendum
- Fjölga erlendum kennurum
- Starfrækja öflugt alþjóðasvið innan HR
- Vera að fullu tvítyngdur skóli árið 2010

#### Fyrsti valkostur nemenda og starfsmanna

Háskólinn í Reykjavík stefnir ávallt að afburðaárangri. Við setjum markið hátt og við leggjum áherslu á gæði en ekki fjölda nemenda eða námsbrauta. Við viljum útskrifa afburðafólk sem er óhrætt við að láta til sín taka, jafnt í atvinnulífi sem vísindum. Til þess löðum við að efnilega nemendur, bjóðum þeim einungis afburðakennslu og þjálfun í hagnýtingu þekkingar sem þeir afla sér. Við stundum blómlegt rannsóknarstarf með þátttöku nemenda til að undirbúa þá og hvetja til frekara náms og þátttöku í vísindasamfélaginu. Við viljum vera fyrsti valkostur þeirra stúdenta sem vilja stunda háskólanám á Íslandi.

Þetta markmið gerir miklar kröfur til okkar sjálfra. Við vitum að háskóli er lítið meira en fólkíð sem þar starfar. Við þurfum stöðugt að hækka rána og auka þær kröfur sem við gerum, en um leið að laða að nýtt fólk sem hjálpar okkur að mæta þeim kröfum. Því viljum við einnig verða fyrsti valkostur þeirra sem vilja starfa í íslensku háskólaumhverfi. Þess vegna þarf Háskólinn í Reykjavík að bjóða upp á:

- Krefjandi en hvetjandi vinnuumhverfi sem laðar að sér þá bestu á hverju sviði
- Markvissa símenntun starfsfólks og umhverfi þar sem hæfni, frelsi og fjölbreytileiki fá að njóta sín
- Umbunar- og framgangskerfi sem hvetur til rannsóknarvirkni, framsækinna kennsluaðferða og virks samstarfs við atvinnu-lífið
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi sem skapar frjóan jarðveg fyrir þekkingarsköpun, miðlun og sterk tengsl við atvinnulífið
- Vinnuumhverfi þar sem jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi og þar sem einstaklingum er ekki mismunað vegna kynferðis, aldurs, trúar, þjóðernis, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar eða stjórnmálaskoðunar.

#### Framtíðin er núna

Háskólinn í Reykjavík er einstakur háskóli sem getur brúað bilið á milli viðskipta og tækni, rökhusunar og sköpunargleði, þekkingarsköpunar og hagnýtingar.

Við viljum vera kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem er fyrsti valkostur hér á landi og sterkur áhrifavaldur í þróun samfélagsins. Lega lands-ins á milli austurs og vesturs myndar krossgötur fyrir alþjóðlegt samstarf sem við munum nýta okkur til fulls.

Við höfum tækifæri til að vera fyrirmynd framsýnna háskóla ef við höfum hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og nýta sköpunargleði okkar og frelsi til að byggja upp metnaðarfullan, þverfagleglegan háskóla án landamæra.

#### Gildin leiða okkur

Háskólinn í Reykjavík er skóli 21. aldarinnar; kraftmikill alþjóð-legur háskóli sem verður fyrsti valkostur þeirra sem vilja framsækíð og skapandi nám og starfsumhverfi. Til þess að við náum settum markmiðum þurfum við að byggja upp og hlúa að öflugum fyrirtækjabrag sem einkennist af hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og vilja til þess að ná stöðugt lengra.

Fyrirtækjabragur mótast af þeim gildum sem við höfum að leiðar-ljósi í daglegu starfi okkar.

Þau lýsa hegðun og viðhorfum sem leiðbeina okkur við ákvörðunar-töku og liggja til grundvallar ráðningum, framþróun og árangri sem við náum í starfi.

Við höfum metnað til að stefna ætíð hærra, heilindi til að koma hreint fram, snerpu til að grípa tækifærin þegar þau bjóðast og áræðni til að þora þegar réttu tækifærin eru í augskýn.

Gildin setja tóninn um þær væntingar sem við gerum til okkar sjálfra, samstarfsfólks og nemenda. Í Háskólanum í Reykjavík sýnum við metnað og heilindi í öllum okkar athöfnum og ákvörðun-um. Við vinnum hratt og örugglega að stöðugum endurbótum með snerpu og áræðni að leiðarljósi.

#### Hugsum stórt og framkvæmum markvisst

Stefna okkar er skýr. Við leggjum allan metnað okkar í að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði í samfélaginu. Við störfum án landamæra með þeim bestu á okkar sviðum.



## HÁSKÓLARÁÐ

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðar-ins skipa háskólaráð Háskólans í Reykjavík. Háskólaráðið markar stefnu háskólans, ákveður stofnun nýrra deilda og ákvarðar meginstarfstillöggun háskólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld. Háskólaráð skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er háskólanum tilheyra. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans.

### Háskólaráð HR var þannig skipað frá 30. apríl árið 2009:

Róbert Wessmann, formaður  
Birna Einarsdóttir  
Eggert B. Guðmundsson  
Finnur Oddsson  
Jón Sigurðsson  
Katrín Pétursdóttir  
Kristín Friðgeirsdóttir  
Sigurður B. Guðmundsson

### Varamenn:

Árni Harðarson  
Tómas Már Sigurðsson

### Nýtt háskólaráð tók við 20. október 2009 og var það þannig skipað:

Finnur Oddsson, formaður  
Þórður Magnússon  
Kolbeinn Kolbeinsson  
Eggert B. Guðmundsson  
Kristín Friðgeirsdóttir  
Birna Einarsdóttir  
Katrín Pétursdóttir  
Sigurður B. Guðmundsson

### Varamenn:

Kristrún Heimisdóttir  
Tómas Már Sigurðsson

Við erum háskóli 21. aldarinnar sem hefur að leiðarljósi þarfir atvinnulífsins fyrir sérfræðiþekkingu, þverfaglega færni og samskiptaleikni í alþjóðlegu umhverfi. Með störfum okkar gerum við nemendur okkar og samstarfsaðila betur í stakk búna til að takast á við síbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi.

Stöðug þróun námsefnis og kennsluáferða, aukin rannsóknarvirkni og öflug tengsl við atvinnulífið auk frumkvöðlaanda skapa okkur forystu hér á landi og gera okkur kleift að verða fyrirmynd framsækinnna háskóla um allan heim. Við munum nýta staðsetningu landsins okkar til framdráttar og skapa hér miðstöð alþjóðlegs vísindasamstarfs.

Til þess þurfum við að leggja okkur fram af öllu afli og setja okkur ný viðmið um árangur. Við höfum í hendi okkar gæði vinnu okkar og þann sess sem við skipum okkur.

Skipulag skólans þarf að styðja vel við stefnu hans og taka mið af þeim breytingum sem verða. Rannsóknarstefna og vinnulag okkar í starfsmannamálum, kennslu, þjónustu og tengslum við atvinnulíf og samfélag slá tóninn fyrir dagleg störf okkar. Það er frumkvæði okkar, metnaður og hæfni til stöðugra endurbóta sem ráða hins vegar úrslitum um hversu hratt við náum settu marki.

SEX þREP hafa verið skilgreind sem grunnurinn að innleiðingu stefnu okkar til ársins 2010. Aðgerðaáætlanir deilda miða að því að kortleggja hvað við þurfum að gera næstu 12–36 mánuði til að ná settu marki.

### Til að gera framtíðarsýn okkar að veruleika munum við:

- Auka rannsóknarvirkni
- Auka gæði kennslu og innleiða framsæknari kennsluáferðir
- Alþjóðavæða starfsemi okkar
- Samþætta starfsemina til að gera námið þverfaglegra
- Byggja upp sterkara tengslanet við atvinnulífið, erlenda háskóla og vísindasamfélagið
- Bæta enn frekar rekstur og fjárhagsstöðu okkar

Aðgerðaráætlanirnar eru grunnur að fjárhagsáætlun okkar næstu ár. Reglulega er fylgst með framkvæmd áætlanna sem er í höndum kennsludeilda og stöðsviða.

Við höfum hugrekki til að hugsa stórt og bæta stöðugt frammi-stöðu okkar og framkvæmum fyrirætlanir okkar markvisst. Við berum öll ábyrgð á þeim árangri sem við náum. Framtíð Háskólans í Reykjavík er í okkar höndum.

## SÍÐAREGLUR

### Virðing – Heilindi – Jafnrétti – Sanngirni

Háskólinn í Reykjavík er þekkingarsamfélag þar sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn vinna saman að öflun, nýsköpun og miðlun þekkingar. Í slíku samfélagi er mikilvægt að allir taki siðferðislega ábyrgð á störfum sínum. Til þess að þetta megi takast vill skólinn skapa starfsumhverfi þar sem samskipti og vinnubrögð einkennast af virðingu, heilindum, sanngirni og jafnrétti.

Markmiðið með þessum siðareglum er að stuðla að því að hegðun þeirra sem starfa innan skólans uppfylli ítrustu siðferðiskröfur sem gerðar verða innan háskóla. Reglurnar eru settar fram í 10 tölulíðum. Þær eiga það sammerkt að minna á skyldur aðila skólans í samskiptum sín á milli og vinnubrögðum. Þær má hins vegar ekki skoða sem tæmandi lýsingu á æskilegri hegðun.

1. Við virðum þá sem læra og starfa innan skólans sem einstaklinga, komum fram við þá af tillitsemi og gætum trúnaðar gagnvart þeim.
2. Við komum í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð.
3. Við stöndum vörð um heiður skólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.
4. Við vinnum öll okkar verk innan HR af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama.
5. Við leitum þekkingar af heilindum og hlutlægni, og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
6. Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um hagsmuni þeirra sem taka þátt í rannsóknum okkar.
7. Við virðum fræðilegt sjálfstæði, vinnum ávallt samkvæmt eigin sannfæringu og látum hagsmunatengsl ekki hafa áhrif á niðurstöður okkar.
8. Við virðum hugverkaréttindi, eignum okkur ekki heiðurinn af hugmyndum annarra, og getum ávallt þeirra heimilda sem við notum, í samræmi við venjur vísindasamfélagsins.
9. Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.
10. Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.

### Málsmeðferð og viðbrögð vegna ábendinga um brot á siðareglum

1. Rektor skipar þriggja manna siðanefnd eftir ábendingum starfsmanna og nemenda. Hlutverk hennar er að taka afstöðu til og gefa stjórnendum HR umsögn um mál sem til hennar er beint vegna meintra brota á siðareglum.
2. Rökstuddar ábendingar um brot á siðareglum skulu berast til siðanefndar HR. Siðanefnd fjallar um ábendingar samkvæmt starfsreglum siðanefndar sem samþykktar eru af framkvæmdastjórn. Í starfsreglunum skal kveðið á um andmælarétt, meðalhöf og önnur atriði sem tryggja málefnalega umfjöllun siðanefndar.
3. Siðanefnd skal taka rökstudda afstöðu afstöðu til þess hvort um brot á siðareglum HR er að ræða og um grófleika brots. Í afstöðu nefndarinnar skal einnig koma fram hvort brot eru ítrekuð. Siðanefnd tilkynnir málsaðilum, rektor og forseta viðkomandi deildar um niðurstöðu sína og er heimilt að mæla með því að hinn brotlegi verði látinn sæta viðeigandi viðurlögum. Niðurstöður siðanefndar eru endanlegar og verður ekki áfrýjað.
4. Viðbrögð við brotum á siðareglum eru ákveðin af forseta deildar, framkvæmdastjóra eða rektor eftir atvikum.

*Samþykkt af rektor og framkvæmdastjórn í apríl 2006*

Eftirtaldir sitja í siðanefnd, sem er skipuð af rektor HR:


**Steinn Jóhannsson** forstöðumaður kennsluviðs, formaður (steinn@ru.is)

**Luca Aceto**, prófessor í tölvunarfræði

**Margrét Vala Kristjánsdóttir**, lektor í lagadeild



## SKIPULAG



KJARNINN Í STARFSEMI HR ER KENNSLA, RANNSÓKNIR OG ATVINNULÍFSTENGS-

Allar deildir hafa það að markmiði að taka upp framsæknari kennsluáferðir, auka rannsóknarvirkni og styrkja tengslanet sitt. Hver deild einbeitt sér að framþróun á sínu sviði til að tryggja gæði náms og trausta sérfræðipækkingu. Til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir þverfaglega þekkingu og skapa HR sérstöðu skipuleggja deildir sameiginlegar námsbrautir, verkefni og námskeið sem í boði verða hverju sinni. Myndræn framsetning skipulagsins undirstrikar kjarnastarfsemi okkar og þverfaglega áherslu skólans.

Stjórnskipulag Háskólans í Reykjavík er flatt þar sem áhersla er lögð á akademískt frelsi deilda og ábyrgð þeirra á gæðum náms og rannsóknarstarfsemi sem og rekstrarafkomu.

**Háskólaráð** er skipað fulltrúum eigenda Háskólans í Reykjavík og koma þeir frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Háskólaráð HR markar stefnu háskólans, ákveður stofnun nýrra deilda, ákvarðar inntökuskilyrði og ákvarðar meginstarfstillöggun háskólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld. Háskólaráð hefur eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er háskólanum tilheyrir. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans. Háskólaráð ræður rektor HR, ákveður laun hans og önnur starfskjör.

**Rektor** kemur fram fyrir hönd háskólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart háskólaráði. Rektor situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, nema háskólaráð ákveði annað um einstaka fundi. Rektor leggur árlega fram fjárhagsáætlun HR fyrir háskólaráð til staðfestingar. Rektor ræður forseta deilda og aðra lykilstarfsmenn háskólans.

**Deildir** Háskólans í Reykjavík eru fimm. **Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild.** Deildunum er stýrt af deildarforsetum sem heyra undir rektor. Forseti deildar fer með faglega stjórn hennar og rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor og skal eiga frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar og prófessora í samráði við rektor. Þeir skulu jafnframt fylgja viðurkenndu vinnulagi skólans við ákvarðanatöku um starfsmannaval og framgang akademískra starfsmanna. Forseti deildar gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild sem lögð skal fram til afgreiðslu í framkvæmdastjórn HR sem hluti af heildarfjárhagsáætlun háskólans.

**Framkvæmdastjórn HR** skal skipuð rektor sem er formaður framkvæmdastjórnar, forsetum deilda og öðrum lykilstarfsmönnum samkvæmt ákvörðun rektors. Rektor skal setja framkvæmdastjórn reglur þar sem kveðið skal á um hlutverk hennar og starfshætti.

**Vísindaráð** stuðlar að aukinni rannsóknarvirkni með hvatningu og stuðningi við rannsóknarstarf skólans, hönnun ferla sem lúta að rannsóknarstarfi og þátttöku í fjármögnun rannsóknarverkefna. Hver deild skipar fulltrúa sinn í Vísindaráð eitt akademískt ár í senn. Forseti ráðsins heyrir undir rektor og starfar með deildarforsetum að markvissri innleiðingu rannsóknarstefnu HR.

### Ráðgjafanefnd HR

Í byrjun árs 2008 tók til starfa erlend ráðgjafanefnd Háskólans í Reykjavík (e. advisory board), en hún er skipuð stjórnendum og prófessorum við sjö háskóla sem standa í fremstu röð í heiminum. Nefndin hefur það hlutverk að starfa með háskólaráði og stjórnendum HR að mótun framtíðarstefnu og aðgerðaáætlana. Nefndin hefur komið tvisvar til Íslands, í febrúar 2008 og febrúar 2009. Í ráðgjafanefndinni eru:

- Dr. Rafael L. Bras, forseti verkfræðideildar Kaliforníuháskóla í Irvine. Kaliforníuháskóli í Irvine telst vera 46. besti háskóli í heimi (ARWU, 2008).
- Dr. Eric Weber, prófessor í stjórnun frá IESE á Spáni og vara-deildarforseti viðskiptadeildar IESE og í framkvæmdastjórn IESE. Samkvæmt Economist Intelligence Unit var IESE talinn besti viðskiptaskóli í heimi.
- Dr. Maria Fox, forseti tölvunarfræðideildar Strathclyde háskóla í Skotlandi en hann er meðal bestu háskóla Stóra Bretlands.
- Dr. Jonathan Gosling, forstöðumaður leiðtogafræða við Exeter háskóla í Bretlandi. Exeter var útnefndur háskóli ársins í Bretlandi 2007-2008.
- Dr. Ola Medstad, prófessor í lögum við Oslóarháskóla. Oslóarháskóli er einn af 100 bestu háskólum heims (ARWU, 2008), og þar starfa nú 4 Nóbelsverðlaunahafar.
- Dr. John Allegrante, prófessor í lýðheilsufræðum við Columbia University og Háskólann í Reykjavík. Columbia háskóli er einn af fremstu háskólum heimsins og hafa skólanum hlotnast 76 Nóbelsverðlaun.
- Dr. Zellman Warhaft, Zellman Warhaft, prófessor í vélaverkfræði við Cornell háskóla. Cornell er einn af átta Ivy League háskólum Bandaríkjanna og var valinn besti háskólinn í vísindum og verkfræði af the National Science Foundation.

## MANNAUÐS- OG GÆÐAMÁL

### Mannauður

Í lok ársins voru starfandi við Háskólann í Reykjavík 275 fastir starfsmenn. Þar af voru tveir þriðju starfsmenn akademískra deilda, fjórðungur starfaði við stoðeildir og 20 í Opna háskólanum. Lektorar voru 49, dósentar 31 og prófessorar 19. Af lektorum, dósentum og prófessorum voru 65% með doktorspróf. Margir stundakennarar starfa einnig við skólann, þannig að heildarfjöldi þeirra sem starfaði fyrir HR á árinu var nærri 600 manns.

### Nýráðningar

Á árinu hófu störf 28 nýir starfsmenn sem ráðnir voru til eins árs eða lengri tíma. Þar af voru 17 ráðnir í nýjar stöður, en stærsti hópurinn þar eru nýdoktorar, sem yfirleitt eru kostaðir beint af rannsóknastyrkjum. Starfsmannavelta fastra starfsmanna var 6% á árinu. Friðrik Már Baldursson prófessor var ráðinn nýr forseti viðskiptadeildar, en hann tók við starfinu í ágúst í kjölfarið á alþjóðlegri auglýsingu og ítarlegu ráðningarferli.

### Akademískur framgangur

Alls fengu 14 starfsmenn framgang í akademíska stöðu lektors, dósentis eða prófessors á árinu, og í öllum tilvikum nema einu var um að ræða framgang byggðan á mati matsnefndar, en einn fékk framgang byggðan á mati frá öðrum háskóla.

### Ráðningar- og framgangsferlar

Framkvæmdastjórn samþykkti í júní ný ferli sem fylgt verður í framtíðinni við nýráðningar akademískra starfsmanna og við hæfnismat vegna úthlutunar akademískra stöðuheita. Þar með er lagður grunnur að heildstæðari vinnubrögðum við uppbyggingu á hinum akademíska mannafla skólans.

### Rannsóknarmissemi

Á árinu tóku tíu akademískir starfsmenn rannsóknarmissemi, en þá er viðkomandi starfsmaður undanþeginn kennslu og stjórnun og getur einbeitt sér að sínum rannsóknum. Innleiðing rannsóknarmissemi er mikilvægur liður í eflingu á akademískum styrk háskólans.

### Árleg starfsmannasamtöl

Á árinu var útbúið nýtt form fyrir árlega skýrslu akademískra starfsmanna (e. Faculty Contribution Record), en þessi skýrsla verður í framtíðinni grundvöllur fyrir árleg starfsmannasamtöl, sem og mat á hæfni starfsmanna til að hljóta framgang í akademískar stöður.

### Lækkun launakostnaðar

Allir fastir starfsmenn HR samþykktu með undirritun yfirlýsingar í júní 2009 að lækka föst laun sín um sem nemur 6%, þó þannig að laun undir ákveðnum mörkum lækkuðu ekki. Með þessu móti var skólanum gert kleift að koma til móts við skerðingu á framlagi ríkisins til skólans á árinu 2010. Starfsmenn syndu þessari aðgerð mikinn skilning enda gekk eitt yfir alla.

### Nýjar námsbrautir

Nýjar reglur um stofnun nýrra námsbrauta voru samþykktar í framkvæmdastjórn í apríl, en markmið reglnanna er að tryggja vandaðan undirbúning nýrra námsbrauta og tryggja aðkomu akademískra deilda, námsráðs og framkvæmdastjórnar.

### Gæðakerfi HR

Lýsing á þeim fjölmörgu þáttum sem mynda gæðakerfi HR var sett saman á vordögum og var gæðakerfið í heild sinni gert aðgengilegt á ytri vef skólans í ágúst 2009. Gæðakerfið skiptist í fjóra hluta, en þeir eru rannsóknir, kennsla, akademískir starfsmenn og stoðþjónusta. Enn fremur var bætt verulega í tölfraeðiupplýsingar á ytri vefnum, meðal annars um meðaltöl í kennslumati.

### Rannsóknar- og kennsluverðlaun

Á árinu var í fyrsta sinn auglýst eftir tilnefningum til rannsóknarverðlauna HR og kennsluverðlauna HR. Alls bárust 68 tilnefningar til kennsluverðlaunanna, langflestar frá nemendum, og fimm tilnefningar til rannsóknarverðlaunanna.

### Námsráð og rannsóknarráð

Námsráð (e. Curriculum Council) var stofnað í janúar 2010, og eru nú starfandi tvö ráð akademískra starfsmanna við skólann, námsráð og rannsóknarráð. Formenn beggja ráðanna sitja í framkvæmdastjórn skólans. Tilgangur ráðanna er að auka áhrif akademískra starfsmanna á stjórnun skólans og hafa þau verið mjög virk á árinu.

### Próunarsjóður

Próunarsjóður Háskólans í Reykjavík auglýsti eftir umsóknum frá starfsmönnum í apríl 2009. Um 40 umsóknir bárust og var úthlutað til 17 verkefna á sviði rannsókna, kennslupróunar og tengslamyndunar, alls um 39 milljónum.

### Alþjóðlegt starfsumhverfi

Fastir erlendir starfsmenn við HR voru í lok árs 30, eða 11% af föstum starfsmönnum. Ef meðtaldir eru lausráðnir kennarar voru erlendir starfsmenn við kennslu- og rannsóknir yfir 90 á árinu, eða um 19% af heildarmannafla skólans á sviði kennslu og rannsókna.



### Jafnréttismál

Af föstum starfsmönnum HR voru 45% konur og 55% karlar í lok ársins. Í hópi lektora, dósentar og prófessora voru konur þó aðeins 18% starfsmanna. Jafnlaunaúttekt var gerð snemma á árinu og sýndi hún að munur á meðalmánaðartekjum kynjanna í sambærilegum stöðum var innan við 2%, sem er svipuð tala og árið áður.

### Starfsmannakönnun

Könnun meðal allra starfsmanna HR var gerð í lok nóvember, og voru niðurstöður hennar kynntar í upphafi ársins 2010. Niðurstöður sýna að starfsmenn HR standa þétt að baki þeirri stefnu sem var mótuð fyrir Háskólann í Reykjavík á árinu 2007, og starfsánægja mælist mjög góð, eða 4,18 af 5,0 mögulegum.

### Þjónustukannanir

Þjónustukannanir voru gerðar meðal nemenda og starfsmanna til að kanna viðhorf þeirra til þjónustu allra stoðeilda háskólans. Niðurstaðan sýnir að almennt eru viðhorf til stoðþjónustunnar jákvæð og sérstaklega var góð útkoma hjá bókasafni, þjónustudeild og hjá tölvu- og tækniþjónustu HR.

### Áttavitinn 2009

Árið hófst með stórum starfsmannafundi, Áttavitanum 2009, þar sem línur voru lagðar fyrir árið sem var að hefjast. Þar voru meðal annars kynnt drög að umhverfisstefnu skólans og nýskipaðir formenn hinna tveggja akademísku ráða, rannsóknarráðs og námsráðs, ávörpuðu starfsmenn.

### Kennslufræðidagar

Árlegir kennslufræðidagar HR voru haldnir um miðjan ágúst, og sóttu þá um 120 kennarar. Aðalfyrirlesarinn, Ken Bain, höfundur bókarinnar What the Best College Teachers Do, flutti erindi sitt gegnum fjarfundabúnað frá Bandaríkjunum. Ný útgáfa af Gæðahandbók kennara í HR kom út við þetta tækifæri, bæði á ensku og íslensku.

### Starfspróun

Mjög margir starfsmenn nýttu sér þann möguleika að geta sótt nám og námskeið án endurgjalds við HR, og haldið var áfram með enskuþjálfun fyrir kennara og íslenskukennslu fyrir erlenda starfsmenn. Þá voru haldnir allmargir „hádegisháskólar“, en það eru hádegisverðarfundir þar sem starfsmenn HR fræðast um einhver ákveðin málefni. Á árinu 2009 var meðal annars fjallað um umhverfismál, áhrif kreppunnar og umgengnisvenjur í opnum rýmum.

### Heilsuefning

Haldið var áfram með heilsuefningarverkefni s.s. jóga, heilsufæði á mánudögum, nudd og reykleysisstuðning, en kostnaðarþátttaka starfsmanna var þó aukin. Yfir 80 manns mættu í heilsufarsmat í maí. Gerð var viðbragðsáætlun vegna svínafleisu, og meðal annars slakað á reglum um veikindavottorð í jólaprófunum.

## HÚSNÆÐISMÁL



Í byrjun árs 2008 hófust byggingarframkvæmdir við nýbyggingu Háskólans í Reykjavík við Nauthólsvík. Eftir efnahagshrunið var áveðið í samráði við eiganda hússins, Eignarhaldsfélagið Fasteign og Íslandsbanka, sem hefur séð um fjármögnun húsnæðisins, að minnka bygginguna nokkuð eða úr 37.000 fermetrum í um 30.000 fermetra og gera þurfti ýmsar breytingar á hönnun vegna þess. Þær gengu þó vel eftir, þótt ýmsir starfsmenn sakni einkaskrifstofa, en flestir starfsmenn verða í opnu rými eða skrifstofum fyrir 3–5 starfsmenn. Helst ber að nefna að sleppt hefur verið sérstakri álmu fyrir bókasafn og mótuneyti og aðstöðu fyrir lagadeild skólans sem var komið fyrir á öðrum stað í húsinu. Húsnæðið er samt þrátt fyrir allt svo rúmt að hægt verður að koma allri þessari starfsemi fyrir í byggingunni.

Þrjár deildir af fimm við háskólann flytja í húsnæðið í byrjun árs 2010 þ.e. tækni og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild og lagadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild flytja inn haustið 2010.

Í nýbyggingu HR í Nauthólsvík er sköpuð alveg ný aðstaða fyrir nemendur. Aðstaða til náms og rannsókna verður eins og best gerist í nágrannalöndum okkar. Mikil áhersla er lögð á vinnu- aðstöðu nemenda, hópvinnurými og einstaklingsrými til að sinna náminu. Tæknibúnaður í kennslustofum og víðar er í fremstu röð.

Eignarhaldsfélagið Fasteign er eigandi húsnæðisins og ber ábyrgð á byggingunni og að hún uppfylli allar þarfir HR. Áætlaður

byggingarkostnaður er um 12 milljarðar króna eða um 400.000 kr. á fermetra sem er svipað og upphaflega var gert ráð fyrir að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Samhliða byggingu skólabyggingarinnar var lokið við byggingu Nauthóls í lok ársins 2009, en þar verður rekið veitingahús sem verður opið öllum almenningi. Nauthóll verður einnig nýttur fyrir ráðstefnur og fundi á vegum HR. Afar mikilvægt var að hafa á þessu svæði einhverja veitingaastöðu til viðbótar við mótuneyti skólans.

Það er ljóst þegar hin nýja bygging verður tekin í notkun að hluta í byrjun árs 2010 að öll aðstaða til kennslu og rannsókna er nú í fremstu röð hér á landi og þótt víðar væri leitað. Allar kennslustofur, rannsóknarstofur og fyrirlestrasalir, sem eru nálægt 50 talsins, eru björt, rúmgóð og búin bestu tækni. Einnig hafa listamenn fengið að vera þátttakendur í hönnun hússins og þeirra framlag skiptir máli.

Allt umhverfi háskólans er stórkostlegt og hér er tækifæri til að byggja upp eitt öflugasta háskólasamfélag í landinu.

Gert er ráð fyrir að byggingin verði að fullu tilbúin haustið 2010 og að þá verði öll starfsemi HR komin á einn stað.






# NEMENDUR 2009


Haustið 2009 stunduðu tæplega 3.000 nemendur nám við Háskólann í Reykjavík. Fjöldi nemenda hefur farið vaxandi síðustu ár en í boði var nám í fimm háskóladeildum: Lagadeild (LD), viðskiptadeild (VD), tækni- og verkfræðideild (TVD), tölvunarfræðideild (TD) og kennslufræði- og lýðheilsudeild (KLD) auk náms á frumgreinasviði. Fjölmennasta háskóladeildin var TVD með 888 nemendur. Hlutfall HR-inga af heildarfjölda háskólástúdenta á landsvísi var 16%. Stærsta deild skólans var tækni- og verkfræðideild með um 30% nemenda.

Mynd 1. Fjöldi nemenda eftir deildum




Þegar tegund náms er skoðuð kemur í ljós að 88% nemenda voru í staðarnámi, 8% í HMV (Háskólanámi með vinnu) og 4% í fjarnámi. HMV er bundið við VD og TD og fjarnám er aðeins í boði í TVD og TD. Fjöldi nemenda í staðarnámi hefur aukist milli ára um 6%. Ef aldursdreifing nemenda er skoðuð kemur í ljós að stærstur hluti nemenda er 20-24 ára eða 35,5%. Það sem vekur athygli er að meðalaldur nemenda er u.þ.b.30 ár. Eldri nemendum hefur fjölgað síðustu ár vegna aukins framboðs á meistaranámi.

Mynd 2. Aldursdreifing



Í tveimur deildum eru konur í meirihluta, þ.e.a.s. í LD og KLD. Í viðskiptadeild er hlutfall karla og kvenna jafnt og þar sem tæknigreinar eru ráðandi eru karlmenn í meirihluta. Konum hefur heldur fækkað í þessum tveimur deildum árið 2009 miðað við fyrri ár.

Mynd 3. Hlutfall karla og kvenna í deildum HR



Karlar eru í meirihluta í HR eða hátt í 60% og er það athyglisvert í ljósi þess að á landsvísi er hlutfall karla í háskólanámi 37,8% (Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2009, Hagstofa Íslands, www.hagstofa.is).

### Umsóknir

Umsóknum um nám í HR fækkaði árið 2009 í samanburði við árið 2008. Rúmlega 1.800 umsóknir bárust um nám við skólann. Ef kyn umsækjenda er skoðuð kemur í ljós að tæp 59% umsækjenda voru karlar og 41% konur. Umsóknum frá konum hefur fækkað miðað við árið 2008.

Tafla 1. Fjöldi og kyn nemenda eftir deildum

	KLD	TD	LD	VD	TVD	Frumgr.svið	Samtals
2009	138	183	110	219	298	125	1073
KVK	206	43	149	173	100	65	736
Samtals	344	226	259	392	398	190	1809

Sú námsleið/braut sem naut mestra vinsælda var nám til BSc-prófs í viðskiptafræði en þar bárust 257 umsóknir. Til viðbótar þessum fjölda sóttu 135 um að stunda HMV-nám til BSc-prófs í viðskiptafræði. Fast á hæla viðskiptafræðinnar fylgdi BA-nám í lögfræði með 192 umsóknir.

Sú námsleið/braut á háskólastigi sem naut mestra vinsælda var nám til BA-prófs í lögfræði en þar bárust 177 umsóknir. Fast á hæla lögfræðinnar fylgdi BS-nám í íþróttfræði með 145 umsóknir. Sú námsbraut á meistarastigi sem fékk flestar umsóknir var ML-nám í lögfræði en í það bárust 69 umsóknir um skólavist fyrir haustið 2009.

### Fjöldi nýnema


Á haustönn 2009 voru innritaðir 1.190 nýnemar inn á rúmlega 57 námsbrautir. Mestur fjöldi nýnema í háskóladeild var innritaður í viðskiptadeild eða 300 nemendur og er það fækkun um 100 nemendur miðað við haustið 2008.

Flestar námsbrautir voru í boði í TVD eða 22 en færstar voru í boði í LD eða tvær. Alls voru 22 meistaranámsbrautir í boði fyrir umsækjendur, flestar í TVD eða 10.

### Hvaðan koma nemendur HR?

Nemendur HR komu úr rúmlega 60 bæjar- og sveitarfélögum. Auk þess búa fjölmargir nemendur erlendis og stunda fjarnám við skólann. Flestir nemenda komu úr Reykjavík eða rúm 47%.


Mynd 4. Hvaðan koma nemendur HR?



### Fjöldi útskriftarnemenda 2009

Árið 2009 útskrifaði Háskólann í Reykjavík 716 nemendur. Flestir nemendur útskrifuðust úr viðskiptadeild eða 273. Alls útskrifaði skólinn nemendur af rúmlega 40 námsbrautum.

Mynd 5. Fjöldi útskriftarnema eftir stigi náms



### Kennslu- og húsnæðismál

Kennsla í HR fór fram á fimm starfsstöðvum: Í Ofanleiti, Höfðabakka, á íþróttasvæði Vals, í Kringlunni 1 og Kringlunni 7. Skólinn hafði til umráða tæplega 19.000 fermetra. Stærsta starfsstöð skólans var í Ofanleiti þar sem um 2.000 nemendur stunduðu nám sitt. Má áætla að um 2.500 nemendur hafi stundað nám sitt á Kringlusvæðinu.

Við Höfðabakka fór fram kennsla í tæknigreinum og verkfræðigreinum og á frumgreinasviði. Í Íþróttakademíunni í Reykjanesbæ var kennd íþróttfræði í kennslufræði og lýðheilsudeild, í Kringlunni 1 fór fram kennsla í verkfræðigreinum og tölvunarfræði. Í húsi verslunarinnar (Kringlan 7) var kennt í meistaranámi í viðskiptadeild. Í Ofanleiti fór fram kennsla í flestum fræðigreinum auk þess sem kennsla Opna háskólans fór að mestu leyti fram þar.

### Gæðamál kennslu

Kennslumat var framkvæmt tvisvar sinnum á önn í öllum námskeiðum í grunnnámi og einu sinni til tvisvar sinnum í meistaranámi. Meðaltal skólans árið 2009 var 4,1 fyrir ánægjvogina sem er 0,1 hækkun frá fyrra ári (Hversu ánægður/óánægður varstu með námskeiðið og kennsluna á misserinu?). Kennslufræði- og lýðheilsudeild var með hæsta meðaltalið eða 4,3.

Meðalsvörun nemenda var 51% og má fullyrða að almennt voru nemendur ánægðir með kennslu og fyrirkomulag hennar. Það er hins vegar áhyggjuefni að svörum nemenda sé ekki meiri.

Forstöðumenn sviða og forsetar deilda vinna með kennslumat og taka viðtöl við kennara. Ef alvarlegar athugasemdir eru gerðar í fyrra kennslumati fá kennarar tækifæri til þess að laga það sem betur má fara. Kennsluþjálfari aðstoðar kennara og kemur inn í námskeið þar sem þörf er á.

## TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD – TVD

### Kennsla og gráður

Innan tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík var kennt í grunnnámi til Diplóma- og BSc-gráðu og í framhaldsnámi til MSc-gráðu. Deildin skiptist í fjögur fagsvið: byggingarsvið, fjármála- og rekstrarsvið, heilbrigðisvið og véla- og rafmagnssvið.

Í iðnfræði var kennt til Diplóma-gráðu í byggingariðnfræði, rafíðnfræði og véliðnfræði. Námið er 90 ECTS einingar. Að loknu iðnfræðinámi er boðið upp á 30 ECTS eininga nám í rekstrariðnfræði. Auk þess er boðið upp á 120 ECTS eininga nám til BSc-prófs í byggingafræði sem framhald af bygginga-iðnfræði. Öll kennsla í iðnfræði og byggingafræði fer fram í fjarnámi.

Í tæknifræði var kennt til BSc-gráðu í byggingartæknifræði, vél- og orkutæknifræði og rafmagnstæknifræði. Námslengd er 210 ECTS.

Í verkfræði var kennt til 180 ECTS eininga BSc-gráðu í fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hátækniverkfræði og hugbúnaðarverkfræði (í samstarfi við tölvunarfræðideild).

Boðið var upp á nám til 120 ECTS eininga meistara-gráðu í byggingarverkfræði á eftirfarandi sviðum: Framkvæmdafræði, umferð og skipulag, steinsteypu-tækni og mannvirkjahönnun. Á fjármála- og rekstrarsviði var boðið upp á meistaranám í fjármálaverkfræði og ákvarðanaverkfræði, auk þess sem ný námsbraut í rekstrarverkfræði bættist við haustið 2009. Á heilbrigðisviði var boðið upp á nám til meistara-prófs í heilbrigðisverkfræði og haustið 2009 bættist við námsbrautin verkfræðileg lífvisindi. Nám til meistara-prófs í vél- og rafmagnsverkfræði hófst haustið 2009. Nemendur sem hafa annan bakgrunn en BSc-próf í verkfræði eiga kost á að útskrifast með meistara-próf á sumum þessara sérsviða. Þá bauð tækni- og verkfræðideild upp á nám til MSc-gráðu á sviði sjálfbærrar orku í samstarfi við orkuskiólann REYST.

Í tækninámi við Háskólann í Reykjavík er lögð sérstök áhersla á verklega hluta námsins við kennslu undirstöðugreina og hagnýtra fag- og tæknigreina. Við deildina er í gangi sérstakt átak í uppbyggingu aðstöðu til verklegar kennslu með nýju og endurbættu húsnæði, bættum tækjakosti og fyrsta flokks hugbúnaði, auk þess sem verið er að fjölga verklegum æfingum og verkefnum í fjölmörgum námskeiðum. Á árinu 2009 var m.a. unnið að uppbyggingu tækjakosts í vélsmiðju, orkutæknistofu, stýritæknistofu, byggingatæknistofu og eðlisfræðistofu. Auk þess var farið af stað með ný námskeið sem byggjast á lausn raunhæfra verkefna og verklegri útfærslu þeirra. Í þessum námskeiðum og fjölmörgum lokaverkefnum nemenda voru þróuð og smíðuð tæki eða búnaður sem eiga eftir að nýtast við frekari uppbyggingu verklega þáttarins í starfi deildarinnar.

Árið 2009 var námsráð deildarinnar sett á laggirnar. Hlutverk ráðsins er að vinna að almennri þróun og uppbyggingu náms við deildina og vera deildarforseta til ráðgjafar um breytingar á námsframboði. Ráðið fjallar jafnframt um samhæfingu náms og námskeiða innan deildarinnar, samstarf við aðrar deildir um nám og tengsl náms við þarfir atvinnulífsins.

### Rannsóknir

Rannsóknir eru mikilvægur og vaxandi þáttur í starfi deildarinnar. Frá árinu 2007 hafa birtingar starfsmanna deildarinnar í alþjóðlegum tímaritum aukist gríðarlega og styrkir vegna verkefna sem starfsmenn deildarinnar leiða hafa tvöfaldast. Á árinu 2009 birtu þeir starfsmenn deildarinnar sem hafa stunda rannsóknir (akademískir starfsmenn, nýdóttar, sérfræðingar, o.fl.) að meðaltali 3,8 ritrýnd verk á innlendum og erlendum vettvangi.

Margir helstu vísindamenn deildarinnar eru ungir að árum og eru í raun rétt að byrja að byggja upp þá aðstöðu, teymi og umhverfi sem þarf til að rannsóknir í deildinni geti vaxið enn frekar. Þetta má þakka markvissu starfi við að ráða einungis færustu vísindamenn sem völ er á í akademískar stöður við deildina.

Náð samstarf er um steinsteypurannsóknir við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og var á árinu 2009 gerður samstarfssamningur milli Nýsköpunarmiðstöðvarinnar og tækni- og verkfræðideildar HR um rannsóknir, þróun og kennslu á sviði sementsbundinna efna. Samstarfið felur í sér að aðilar starfrækja sameiginlega rannsóknarsetur (ICI RHEO Centre) og framhaldsnámsbrautir á þessu sviði. Einnig er deildin í nánu samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki um rannsóknir, t.d. á sviði stofnfruma með Blóðbanka Íslands.

Um fjórðungur þeirra starfsmanna sem vinnur að rannsóknnum við deildina er af erlendu bergi brotinn. Nær allir þeir sem vinna að rannsóknnum í deildinni hafa einhver fagleg tengsl við erlendar rannsóknarstofnanir. Rannsóknarráð deildarinnar var stofnað í byrjun árs 2009. Hlutverk ráðsins er að vinna að þróun og eflingu rannsókna innan deildarinnar og vera deildarforseta til ráðgjafar við mótun stefnu deildarinnar í rannsóknum og stofnun rannsóknarsetra. Ráðið mun jafnframt hafa umsjón með doktorsnámi við deildina. Eitt fyrsta verk ráðsins var að setja fram rannsóknarstefnu fyrir deildina.

### Tengsl við atvinnulífið

Háskólinn í Reykjavík er í eigu íslensks atvinnulífs og rík áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið í starfsemi tækni- og verkfræðideildar. Fjölmörg nemendaverkefni og rannsóknarverkefni eru unnin í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og umtalsverður fjöldi stundakennara úr atvinnulífinu kennir við deildina.

Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með samstarfssamningi MIT háskólans við íslenskt atvinnulíf, sem felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, rannsóknum, fyrirlesurum, ráðstefnum, þekkingu og færni MIT eftir þörfum.

Á árinu 2009 veittu Samtök iðnaðarins tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík rausnarlegan styrk til þriggja ára. Styrkinn átti m.a. að nota til tækjakaupa, nýrra kennslugagna og bættrar kennslu. Deildin fær auk þess fleiri styrki frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, m.a. Mannviti og VSÓ ráðgjöf. Styrkir frá atvinnulífinu eru deildinni ómetanlegir við uppbyggingu náms og rannsókna.

### Doktorsnám

Á árinu 2009 var unnið að því að fá leyfi til að vera með formlegt doktorsnám við deildina. Doktorsnemar eru nauðsynlegur hluti þess að deildin nái að auka rannsóknarvirkni sína enn frekar á öllum fagsviðum. Nemendum í doktorsnámi sem vinna undir leiðsögn kennara deildarinnar hefur fjölgað mjög og voru þeir í lok ársins 2009 um 10. Þessir nemendur eru oftast innritaðir við aðra háskóla. Umsóknin um doktorsnám við deildina fór til menntamálaráðuneytisins 15. maí 2009. Hún var í kjölfarið tekin til meðferðar innan ráðuneytisins og er niðurstöðu að vænta á árinu 2010.

## LAGADEILD – LD

### Kennsla og gráður

Menntamálaráðuneytið veitti Háskólanum í Reykjavík á árinu heimild til að bjóða doktorsnám í lögfræði. Heimildin kemur til með að styrkja allt vísindastarf við deildina en frá stofnun hennar hefur verið lögð mikil áhersla á uppbyggingu rannsókna.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á 3ja ára grunnnám til BA-gráðu í lögfræði (180 ECTS einingar). Að því loknu gefst nemendum kostur á að stunda 2ja ára (120 ECTS einingar) meistaranám í lögfræði (ML). Í grunnnáminu er höfuðáhersla lögð á að veita nemendum trausta undirstöðu í aðferðafræði og yfirgripsmikla þekkingu í öðrum höfuðgreinum lögfræðinnar. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda.

Meistaránámið einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Meistaránámið er rannsóknartengt. Einn megintilgangur þess er að hvetja nemendur og þjálfra þá til greinandi og gagnrýnninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.

Lagadeild tók í ársbyrjun 2009 í fyrsta skipti inn nýnema um áramót en með því var verið að koma til móts við fólk sem misst hafði vinnu í kjölfar kreppunnar. Teknir voru inn 13 nýnemar í grunnnám og 3 meistaranemar. Einnig var í fyrsta skipti boðið upp á sumarnámskeið bæði í grunnnámi og meistaranámi í samstarfi við Opna háskólann.

Lagadeildin útskrifaði 56 nemendur með BA-próf og 47 nemendur með meistaraþróf í lögfræði þar af voru 3 með aðra grunngráðu en lögfræði.

### Lögrétta – félag laganema

Á árinu komu út tvö tölublöð af tímaritinu Lögrétta, sem er vandað ritrýnt fræðirit á sviði lögfræði. Í mars var haldinn Skattadagur Lögrétta en þá bauð Lögrétta almenningi upp á ókeypis aðstoð við skattframtalið. Félagið hefur enn fremur boðið almenningi upp á endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf í kjallara Alþjóðahússins í hverri viku. Þá stóð málfundafélag Lögrétta fyrir fjölda opinna funda og fyrirlestra

### Erlend stúdentaskipti – námsferðir nemenda

Nemendum við lagadeild HR stendur til boða að ljúka hluta námsins, allt að 60 ECTS einingum, við erlenda háskóla, á grundvelli nemendaskiptasamninga eða á öðrum forsendum og þá að fengnu samþykki lagadeildarinnar. Lagadeild gerði nýja nemendaskiptasamninga við Vilnius University, University of Gdansk, Universitat Pompeu Fabra Barcelona og Bratislava School of Law. Lagadeild HR er einnig aðili að NORDPLUS nemendaskiptaáætlun Norðurlanda. Nemendur í Evrópurétti á 2. ári fóru í árlega námsferð til Brussel í október, þar sem heimsóttar voru stofnanir Evrópusambandsins, EFTA, Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu.

### Þátttaka í málflutningskeppnum

Lið lagadeildar hafnaði í 5. – 8. sæti í Willem C. Vis málflutningskeppninni sem haldin var í Vínarborg rétt fyrir páska. Alls tóku 233 háskólar alls staðar að úr heiminum þátt í keppninni og er hún ein stærsta málflutningskeppni sem haldin er á alþjóðavettvangi. Einnig fékk liðið sem skipað var fjórum meistaranemum heiðursverðlaun (e. „honourable mention“) fyrir varnarskjal liðsins og einn liðsmanna skólans fékk sömuleiðis heiðursverðlaun fyrir góða frammistöðu í málflutningi. Meistaraneimi við laga-



deild sem var skiptinemi við háskólann í Stokkhólmi tók einnig þátt í alþjóðlegri málflutningskeppni á sviði Evrópuréttar f.h. Stokkhólmsháskóla og endaði hennar lið í 2. sæti í þeirri keppni.

### Rannsóknir

Gunnar Þór Pétursson, sérfræðingur við lagadeild, fékk rannsóknarstyrk úr sjóði Bjarna Benediktssonar. Markmið rannsókna hans er að varpa ljósi á það svigrúm sem aðildarríki ESB/EES hafa til þess að víkja frá skuldbindingum ESB/EES-réttar, t.d. í fjórfrelsinu, við ákveðnar aðstæður.

Guðmundur Sigurðsson, prófessor við lagadeild, hlaut styrk frá Landssamtökum lífeyrissjóða til að rannsaka ítarlega hvernig lífeyrissjóðir standa að því að meta starfsörorkumissi sjóðsfélaga sinna og bera saman matsaðferðir og niðurstöður lífeyrissjóðanna og varanlega örorku samkvæmt skaðabótalögum.

Bókin The UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities: European and Scandinavian Perspectives kom út í byrjun janúar en Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild, var ritstjóri bókarinnar ásamt Gerard Quinn professor við National University of Ireland. Um er að ræða ritrýnt greinasafn þar sem 13 fræðimenn og konur birta greinar um hinn nýja sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fólks með fatlanir.

Í lok árs kom út bókin Viðskipti með fjármálagerninga eftir Aðalstein E. Jónasson, dósent við lagadeild. Markmið bókarinnar er að hjálpa lesendum að skilja út á hvað þetta viðamikla regluverk gengur og tryggja að á einum stað geti þeir nálgast ítarlega og vandaða umfjöllun um allar þær reglur sem gilda hér á landi um viðskipti með fjármálagerninga.

### Stofnanir á vegum lagadeildar HR:

#### Evrópuréttarstofnun HR

Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópu-mála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknarvinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna. Forstöðumaður er *Peter Chr. Dyrberg* aðjúnkt við lagadeild.

#### Miðstöð Evrópuupplýsinga (EU i)

Evrópuupplýsingarmiðstöð (EU i) í Háskólanum í Reykjavík er hluti af upplýsingastefnu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, „EU in the World“. Miðstöðin er möskvi í upplýsinganeti í löndum utan sambandsins. Hún er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og hefur verið starfrækt síðan 2003 undir merkjum European Documentation Centre – EDC. Hlutverk EU i er að stuðla að kennslu, hvetja til rannsókna og gera upplýsingar frá ESB aðgengilegar, bæði í háskólasamfélaginu og annars staðar. Evrópuupplýsingamiðstöðin tekur þátt í umræðunni um Evrópusambandið þar sem það á við.

#### Fjármálaréttarstofnun HR

Markmið Fjármálaréttarstofnunar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf. Forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar er *Aðalsteinn E. Jónasson*, dósent við lagadeild.

### Auðlindaréttarstofnun HR

Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði. Forstöðumaður er dr. jurs *Guðrún Gauksdóttir*, dósent við lagadeild.

### Miðstöð Íslands um samfélagsábyrgð fyrirtækja – Epikos

Markmið Epikos er að efla getu fyrirtækja á Íslandi til að sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu, umhverfi sínu og mannréttindum í daglegum rekstri. Forsvarsmáður Epikos er *Páll Ásgeir Davíðsson*, sérfræðingur við lagadeild.

### Tengsl við atvinnulíf – fræðafundir og ráðstefnur

Hluti af meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík getur farið fram í viðurkenndu starfsnámi og getur nemandi fengið allt að 12 ECTS einingar metnar í meistaranámi á grundvelli starfsnáms-samninga lagadeildarinnar og einstakra stofnana og fyrirtækja. Lagadeild HR gerði nýja starfsnáms-samninga á árinu við Orkustofnun, Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍS), Héraðsdóm Vesturlands, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur.

Lagadeild, Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) og Creative Commons samtökin undirrituðu samstarfssamning um þýðingu og aðlögun „almenns hugverkaréttar“ að íslensku lagaumhverfi. Í kjölfarið var haldin stór ráðstefna um stafrænt frelsi.

Kennarar lagadeildar unnu margvísleg lögfræðileg verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir þ.m.t. ríkisfyrirtæki og ráðuneyti. Þessi verkefni eru af margvíslegum toga og má þar nefna lögfræðilegar álitgerðir og undirbúning undir lagasetningu. Þá er ástæða til að nefna í þessu sambandi að við lagadeild starfa margir stundakennarar sem flestir starfa jafnframt fyrir einkafyrirtæki eða opinbera aðila.

Á vegum deildarinnar eru á hverju ári fluttir fyrirlestrar og haldnar ráðstefnur bæði af erlendum og innlendum sérfræðingum og fræðimönnum, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrirtækjum og stofnunum þar sem krufin eru til mergjar ýmis lögfræðileg álitæfni er þýðingu hafa fyrir atvinnulífið. Fjölmennasti opni fyrirlestur sem haldinn hefur verið við lagadeild var án efa fundur með Evu Joly í byrjun árs. Þórdísar Ingadóttir, dósent við lagadeild, stóð fyrir málþingi um DOMAC-rannsóknarverkefni sitt í maí þar sem Luis Moreno- Ocampo, saksóknari Alþjóðasakadómstólsins, var gestur ásamt fleirum. Yfirskrift málþingsins var „Framfylgd alþjóðalaga er varða gróf mannréttindabrot og mannúðarlög. Samspil alþjóðadómstóla og landsréttar.“

## KENNSLUFRÆÐI – OG LÝÐHEILSUDEILD – KLD

### Kennsla og gráður

Deildin bauð upp á sex námsmöguleika árið 2009:

- Grunnám í íþróttfræðum fyrir verðandi íþróttakennara og þjálfara þar sem meðal annars er lögð áhersla á mikilvægi íþróttar í heilsuefningu og forvörnum.
- Grunnám í sálfræði til þriggja ára. Fjölbreytt og krefjandi nám sem tekur mið af áður kenndu námi erlendis. Lögð er áhersla á að fara yfir öll helstu svið sálfræðinnar.
- Grunn- og meistaranám fyrir verðandi kennara sem vilja sinna kennslu í stærðfræði og raungreina.
- Meistaránám í lýðheilsufræðum, sem ætlað er þeim sem vilja vinna að stjórnun og stefnumótun í lýðheilsu, skipulagningu og útfærslu lýðheilsuverkefna, eða við rannsóknir, hvort sem er innan stofnana eða fyrirtækja, á vegum ríkis og sveitarfélaga. Námið nýtist jafnframt þeim sem hyggjast vinna með börnum og ungmönnum í skipulögðu starfi á vettvangi.
- Meistaránám fyrir verðandi kennara, sem vilja leggja áherslu á lýðheilsu í starfi sínu innan skóla.
- EMPH: Framhaldsnám sem er ætlað brautryðjendum sem vilja starfa við nýsköpun, rekstur, þjónusu og stjórnun á sviði heilbrigðismála.

Deildin er mótuð og skipulögð í góðu samstarfi við skóla sem standa framarlega í kennslu og rannsóknum á sviði lýðheilsu og kennslufræða, en þar má nefna Columbia háskóla í New York, Penn State háskóla í Pennsylvaníu, Karolinska Institute í Stokkhólmi, Nordic School of Public Health í Gautaborg og King's College í London. Fræðimenn frá þessum háskólum eru meðal þeirra sem kenna og stunda rannsóknir við deildina.

Framtíðarsýn deildarinnar er að verða framúrskarandi kennslu- og rannsóknarsetur þar sem nemendur hljóta fyrsta flokks fagmenntun. Áhersla er lögð á rannsóknarmiðað nám. Nemendur vinna raunhæf og krefjandi verkefni og hljóta jafnframt þjálfun til forystu og stjórnunar á sviði kennslu og lýðheilsu.

### Tengsl við atvinnulífið

Hluti námsins er skipulagður í öflugum starfsnámi, þar sem nemendum býst að kenna við valda grunn- og framhaldsskóla, undir leiðsögn leiðbeinanda frá HR í samstarfi við reynda kennara í viðkomandi skólum. Þá gefst nemendum kostur á að vinna verkefni í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, aðrar deildir HR og erlenda háskóla.

### Rannsóknarmiðstöð kennslufræði- og lýðheilsudeildar

Við kennslufræði- og lýðheilsudeild er starfrækt rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir & greining. Markmið R&G er að sinna þekkingarsköpun og útbreiðslu þekkingar á málefnum barna og ungs fólks. Þar hafa kennarar og nemendur aðgang að stórum gagnagrunni sem byggður hefur verið upp á undanfórnum árum og hefur að geyma upplýsingar um fjölmarga þætti er varða ungt fólk á Íslandi. Á meðal þess eru viðamiklar upplýsingar um námsárangur barna og ungmenna, liðan í skóla og aðra náms-tengda þætti, svo og upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast lýðheilsu í víðu samhengi. Niðurstöður rannsókna birtast í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum en einnig í skýrslum og bókum. Hér á landi hafa þær verið nýttar sem grundvöllur stefnumótunar í málefnum barna og unglínga. Rannsóknir R&G eru þverfaglegar. Þannig er leitast við að virkja samstarf við rannsóknarfólk í öðrum deildum skólans sem og í öðrum háskólum hér heima og erlendis.

## TÖLVUNARFRÆÐIDEILD – TD

Hlutverk tölvunarfræðideildar er að annast kennslu og stunda rannsóknir í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og skyldum greinum. Deildin er stærsta og öflugasta tölvunarfræðideild landsins.

### Kennsla og gráður

Í grunnnámi er boðið upp á fimm gráður: Diplómagráðu í kerfisfræði, BSc-gráðu í tölvunarfræði, BSc-gráðu í hugbúnaðarverkfræði, BSc-gráðu í stærðfræði og BSc/Bed-gráðu í stærðfræði og kennslufræði. Diplómagráða í kerfisfræði er 120 ECTS einingar og tekur því tvö ár á fullum hraða, en BSc-gráðurnar eru 180 ECTS einingar og taka því þrjú ár.

BSc-nám í hugbúnaðarverkfræði og BSc/BEEd-nám í stærðfræði og kennslufræði fór fram í nánu samstarfi við tækni- og verkfræðideild annars vegar og kennslufræði- og lýðheilsudeild hins vegar og voru fyrstu nemendur á þessum námsbrautum útskrifaðir á árinu.

Í öllum greinum er lögð áhersla á gæði kennslu og jafnvægi milli styrkrar fræðilegrar undirstöðu og hagnýtrar þekkingar á nýjustu tækni og aðferðum. Í kerfisfræði er einnig boðið upp á fjarnám og háskólanám með vinnu. Þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og þeim sem eru í vinnu er þannig gefið tækifæri til að afla sér framúrskarandi menntunar á sviði tölvutækni.

Í framhaldsnámi við deildina var boðið upp á MSc-nám í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og máltækni. Námsbrautirnar eru allar 120 ECTS einingar og taka því tvö ár. Fyrsti nemandinn var útskrifaður með sameiginlega meistargráðu í tölvunarfræði frá HR og Háskólanum í Camerino (UNICAM) og fyrstu nemendur voru teknir inn í meistaranám í hugbúnaðarverkfræði.

Doktorsnámið var eflt til muna á árinu og stunduðu sjö nemendur doktorsnám við tölvunarfræðideild í árslok 2009. Fyrsta doktorsvörnin fór fram í lok árs og undirritaður var samstarfsamningur við KTH (Kungliga Tekniska Högskolan) í Svíþjóð sem gerir doktorsnemendum kleift að útskrifast með gráðu úr báðum skólum í ákveðnum tilfellum.

### Rannsóknir

Nýtt rannsóknarsetur á sviði hugbúnaðarfræði var sett á fót á árinu 2009. Nýja setrið leggur áherslu á rannsóknir á formlegum og notendamiðuðum aðferðum við hönnun og útfærslu hugbúnaðar. Setrið, sem fékk nafnið Þekkingarsetur í hugbúnaðarfræði (ICE-ROSE), bættist við þau setur sem störfuðu við deildina: Gervigreindarsetur (CADIA), Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði (ICE-TCS), Gagnasetur og Máltækni-setur. Auk þessara setra voru vísindamenn tölvunarfræðideildar burðarásinn í Stærðfræðisetri HR.

Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði náði tveimur stórum áföngum á árinu: vísindamenn tengdir setrinu höfðu birt meira en 100 tímaritsgreinar og meira en 200 vísindagreinar samtals.

Tveir stærstu styrkir í sögu deildarinnar og skólans voru veittir til verkefna sem stýrt var af dr. Kristni R. Þórisssyni, dósent við deildina. Í fyrsta lagi var verkefninu „Humanobs – Humanoids that Learn Socio-Communicative Skills by Observation“ veittur styrkur úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins (FP7). Verkefnið er eitt stærsta rannsóknaverkefnið sem stýrt hefur verið frá Íslandi og taka fimm háskólar og rannsóknarstofnanir þátt í verkefninu fyrir utan HR.



Í öðru lagi var dr. Kristinn R. Þórisson í fararbroddi uppbyggingar Vitvélaflokkunar Íslands sem á árinu fékk veittan 374 mill. kr. styrk úr markáætlun Rannís. Styrkurinn var veittur til sjö ára (til 2016) og er stofnunin nýtt samstarfsnið háskóla við fyrirtæki, stofnanir og félag. Vitvélasetrið leggur megináherslu á hugbúnað og tækni á sviðum gervigreindar, vitvísinda og hermunar.

Árangur vísindamanna við deildina birtist einnig í styrkjum til frekari rannsókna gegnum öndvegisstyrk og aðra styrki úr Rannsóknarsjóði og öðrum sjóðum.

### Tengsl við atvinnulíf

Sterk tengsl við atvinnulífið eru lykilþáttur í starfsemi tölvunarfræðideildar og birtist það bæði í kennslu og rannsóknum. Lokaverkefni BSc-nemenda hafa löngum verið unnin í nánu samstarfi við fyrirtæki á Íslandi og hafa þannig bæði skapað nýja þekkingu og eflt tengsl nemenda við fyrirtækin. Auk þess kenna sérfræðingar frá fyrirtækjum, bæði íslenskum og erlendum, námskeið við tölvunarfræðideild og auka þannig breidd deildarinnar og styrkja tengsl við iðnaðinn.

Niðurstöður rannsókna deildarinnar nýtast á ýmsan hátt í atvinnulífinu. Deildin hefur meðal annars starfað með fyrirtækjum eins og CCP, og á árinu bættist við samstarf við Össur og Orkuveitu Reykjavíkur.

Fyrirtækið Videntifier Technologies, sem sprottið er úr Gagnasetri deildarinnar, skrifaði á árinu undir samning við lögregluna í Reykjavík um áframhaldandi notkun á Videntifier Forensic lausn fyrirtækisins, en lausnin er seld og markaðsett til lögregluembættis um allan heim. Videntifier Forensic getur á alsjálfvirkann hátt greint ólöglegt myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta barnaklám og annað ólöglegt myndefni.

Vísindamenn innan tölvunarfræðideildar gengdu lykilhlutverki í stofnun Samtaka íslenskra tölvuleikjafyrirtækja eða IGI (Icelandic Gaming Industry). Markmið samtakanna er að styðja hinn ört vaxandi leikjaiðnað á Íslandi og að vera leiðandi í því öflugum og skapandi samstarfi fyrirtækja, menntastofnana og stjórnvalda um þekkingaruppbyggingu og tækni sem einkennir greinina. Sagt var frá stofnun samtakana í einu helsta leikjatímariti Bretlands.

Tengsl tölvunarfræðideildar við atvinnulíf eru þó ekki einskorðuð við fyrirtæki innanlands enda er tölvunarfræðideildin í samstarfi við fyrirtæki um allan heim og má þar nefna Alelo Inc. í Bandaríkjunum og Dan Systems í Danmörku.

## VIÐSKIPTAÐEILD – VD

### Kennsla og gráður

Innan viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík er kennt í grunnnámi til Diplóma- og BSc-prófs og í framhaldsnámi til meistaraþrófs, MSc og MBA. Einnig hófst doktorsnám á árinu eftir að menntamálaráðuneytið veitti viðskiptadeild HR leyfi til þess í september 2009.

Nýr deildarforseti tók til starfa í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík í ágúst þegar dr. Friðrik Már Baldursson tók við af dr. Þorláki Karlssyni sem hvarf til annarra starfa innan HR. Á sama tíma tók Una Eyþórsdóttir til starfa sem skrifstofustjóri og er það ný staðan innan viðskiptadeildar.

Um þúsund nemendur stunduðu nám við viðskiptadeild á árinu 2009 og voru kennd 170 námskeið. Fastráðnir kennarar og starfsmenn voru í kringum 51. Til viðbótar störfuðu um 60 íslenskir stundakennarar við deildina og 30 útlendir stundakennarar. Hátt í 100 gestafyrirlesarar sækja deildina heim á ári hverju.

### Grunnnám

Í grunnnáminu er lögð áhersla á framsækið og krefjandi nám þar sem rík áhersla er lögð á yfirgripsmikla þekkingu á helstu sviðum innan viðskiptafræði. Miðað er við að nemendur hafi í lok námsins náð ákveðnum hæfnivíðmiðum en það eru ákveðin viðmið um þekkingu og hæfni. Til dæmis að nemandi búi yfir ákveðinni tegund þekkingar, hagnýtri hæfni og fræðilegri hæfni, sem og hæfni í samskiptum og upplýsingalæsi.

Hægt er að ljúka BSc- gráðu í fullu námi í dagskóla á þremur árum en einnig er hægt að stunda námið meðfram vinnu á þremur og hálfu ári í svonefndu Háskólanámi með vinnu (HMV). Á árinu 2009 voru haldin 88 námskeið í BSc-náminu og sóttu þau yfir fimm hundruð nemendur.

Í HMV er líka hægt að ljúka diplómaprófi í viðskiptafræði en það nám er til tveggja ára. Hægt er að velja á milli fjármála og reksturs, stjórnunar og starfsmannamála og markaðsfræði og alþjóðaviðskipta.

### Framhaldsnám

Viðskiptadeild bauð fimm námslinur til meistaraþrófs á árinu 2009, þ.e. í fjármálum fyrirtækja, fjárfestingarstjórnun, reikningshaldi og endurskoðun, rekstrarbókhaldi og alþjóðaviðskiptum. Kennslan fór nær eingöngu fram á ensku og voru nemendur þjálfaðir í vönduðum vinnubrögðum bæði einir og sér og í hópum. Kennslan er í höndum innlendra sem erlendra kennara. Nemendum er einnig boðið að starfa eða nema erlendis.

Alls voru um 200 nemendur í meistaranámi í viðskiptadeild á árinu 2009.

### MBA

MBA stjórnunar- og rekstrarnám á meistarastigi er ætlað einstaklingum með háskólapróf af mismunandi fagsviðum og reynslu úr atvinnulífinu. Námið er skipulagt þannig að flestir nemendur taka það meðfram störfum. Markmiðið er að efla stjórnunar- og leiðtogaþæfileika og veita metnaðarfullum nemendum þekkingu og færni til að vera leiðandi í nýsköpun og rekstri fyrirtækja og stofnana.

Flestir kennarar eru erlendir og koma frá viðskiptaháskólum sem raða sér í efstu sætin í alþjóðlegum samanburðarkönnunum, svo sem IESE, London Business School og Insead. Aðrir kennarar eru fastráðnir við Háskólann í Reykjavík. Námið fer allt fram á ensku og er krafist virkrar þátttöku nemenda. Árið 2009 voru um 100 nemendur í MBA-náminu í tveimur árgöngum.

Sérstök áhersla var lögð á nýsköpun í MBA-náminu árið 2009 og í því skyni var dr. Daniel Isenberg, prófessor við Harvard og Babson, ráðinn til kennslu. Kennslan í nýsköpun var tengd við starfsemi Hugmyndahúss háskólanna og nemendur unnu verkefni sem miðaði að því að aðstoða frumkvöðla í hugmyndahúsinu. Nemendur úr MBA-náminu sóttu nýsköpunar- og frumkvöðlaráðstefnu MIT en ráðstefnan verður haldin í samstarfi MIT og MBA-námsins í HR á næsta ári. Annar þáttur námsins sem var styrktur á árinu er umfjöllun um viðskiptasiðferði og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Árið 2009 var haldið áfram að þróa þann hluta námsins sem snýr að persónulegri færni nemenda með markvissum hætti, með sjálfsmatskýrslum, stuttum námskeiðum o.s.frv. Er þar horft til þess að efla og styrkja þá færni sem ræður mestu um hvort einstaklingar ná árangri til góðs í leiðtogahlutverki.

### Rannsóknir

Viðskiptadeild HR er með hæsta hlutfall doktorsmenntaðra kennara af öllum viðskiptaháskólum landsins. Hlutfall prófessora og dósentna með doktorsgráðu er 100% og 50% meðal lektora. Í deildinni eru nokkrar rannsóknarmiðstöðvar og rannsóknarhópar, en sterkustu svið deildarinnar í rannsóknum eru hagfræði og fjármál, frumkvöðlafræði og nýsköpun, mannauðsstjórnun, markaðsfræði og neytendahegðun. Árið 2009 birtu akademískir starfsmenn viðskiptadeildar 19 greinar í ritrýndum tímaritum, þar af 5 í svokölluðum viðurkenndum ISI ritum. Viðskiptadeild HR birti flestar ritrýndar alþjóðlegar greinar af öllum viðskiptaháskólum landsins líkt og fyrri ár. Einnig voru 28 rannsóknir kynntar á ráðstefnum og 8 bókarkafar birtir.

Fræðimenn í viðskiptadeild HR hafa um nokkurra ára skeið tekið þátt í stórum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum með þátttöku fjölda erlendra háskóla og rannsóknarstofnana, svo sem Cranet og GEM. Sem dæmi má nefna hefur dr. Rögnvaldur J. Sæmundsson á síðustu fjórum árum dvalist tímabundið við Cranfield University í Bretlandi, Max Planck Institute for Economic Systems í Þýskalandi, Chalmers University of Technology í Svíþjóð og nú síðast í rannsóknarleyfi við MIT-háskólann í Boston. Við Rannsóknarmiðstöð HR í frumkvöðla- og nýsköpunarfræðum starfar m.a. dr. Marina Candi, en Marina hefur nýlokið doktorsnámi við Copenhagen Business School (CBS), m.a. undir handleiðslu Rögnvaldar. Dr. Marina Candi hefur birt 7 alþjóðlegar ritrýndar greinar frá árinu 2006.

Á árinu 2009 fékk viðskiptadeild formlegt leyfi frá menntamálaráðuneytinu til að halda úti doktorsnámi í viðskiptafræði og var fyrsti doktorsneminn tekinn inn í lok ársins en hann mun sérhæfa sig í neytendahegðun. Í markaðsfræði er starfræktur rannsóknarhópur um neytendahegðun þar sem lögð er áhersla á rannsóknir á hegðun neytenda, smásölu og markaðssetningu á hollum matvælum. Forstöðumaður rannsóknarhópsins er dr. Valdimar Sigurðsson en hann verður aðalleiðbeinandi doktorsnemans. Rannsóknir eru m.a. stundaðar í samvinnu við Cardiff háskóla, Háskólann í Harstad, alþjóðlegan rannsóknarhóp um atferlisfræði neytenda og Coop verslunarkedjuna í Noregi.

### Tengsl við atvinnulífið

Viðskiptadeild HR hefur frá upphafi lagt áherslu á virk tengsl við atvinnulífið enda eru slík tengsl ein af grunnstöðum í starfsemi skólans



Frá haustinu 2009 var nemendum í grunnnámi í viðskiptadeild boðið upp á starfsnám (e. internship) á þriðja og síðasta ári námsins. Á meistarastigi er nemendum á öðru og þriðja ári boðið upp á starfsnám. Er það liður í að virkja tengsl atvinnulífs og skóla og gera þannig nemendum kleift að heimfæra fræðin við raunheima. Reynslan af starfsnámi í grunnnámi var mjög góð en yfir helmingur þeirra nemenda sem tók þátt fékk starf hjá viðkomandi fyrirtækjum í kjölfarið. Á tímum erfiðs vinnumarkaðar skiptir þessi árangur miklu máli.

Kennarar deildarinnar voru með margvísleg tengsl við atvinnulífið og héldu áfram að efla þau, til að mynda með setu í nefndum og ráðum, með því að veita ráðgjöf, skipuleggja ráðstefnur og taka þátt í rannsóknum í samstarfi við atvinnulífið. Sjö fastráðnir kennarar störfuðu sem fyrr úti í atvinnulífinu samhliða starfi sínu hjá viðskiptadeild. Þá heimsóttu hátt í 100 gestir úr atvinnulífinu nemendur deildarinnar og miðluðu af reynslu sinni. Fjöldi nemenda vann að raunhæfum verkefnum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Viðskiptadeild er vettvangur fyrir fulltrúa atvinnulífsins til þess að fjalla um þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir og kynnast rannsóknum sem skólinn stundar. Í því augnamiði voru haldnar nokkrar sameiginlegar ráðstefnur. NOVA hóf samstarf við viðskiptadeild um að styrkja kennslu- og rannsóknarstöðu á sviði markaðsmála. Áður höfðu KPMG og Íslandsbanki gert sambærilegan samstarfssamning.

## RANNSÓKNIR VIÐ HR

Við Háskólann í Reykjavík er lögð áhersla á að stunda alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir sem efla orðstír skólans á alþjóðavettvangi, næra kennsluna við skólann og veita nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og samfélag. HR hefur mótað sér skýra og framsækna rannsóknarstefnu og markviss skref hafa verið stigin til að efla rannsóknir á öllum fræðasviðum skólans. Rannsóknarvirkni HR hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin og fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi að sama skapi. Á meginfræðasviðum skólans, þ.e. viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði, tækni- og verkfræði og kennslu- og lýðheilsufræði, er Háskólinn í Reykjavík að verða fremstur meðal jafningja hér á landi þegar litið er til árangurs í rannsóknum.

Á árinu 2009 störfuðu við skólann um 180 akademískir starfsmenn (sjá töflu 1) að margvíslegum rannsóknarverkefnum í samstarfi við bæði innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.

Tafla 1. Fjöldi akademískra starfsmanna HR 2009.

	Fjöldi prófessora/ deildarforseta	Fjöldi dósentna	Fjöldi lektora	Fjöldi aðjunkta	Fjöldi gesta- prófessora	Fjöldi nýdktora	Fjöldi annarra akdem. starfs- manna	Alls
Viðskiptadeild	3	12	15	7	3	0	3	<b>43</b>
Tölvunarfræðideild	6	6	6	4	0	8	1	<b>31</b>
Kennslufræði- og lýðheilsudeild	6	3	4	6	2	0	1	<b>22</b>
Lagadeild	5	5	2	7	1	0	6	<b>26</b>
Tækni- og verkfræðideild	4	11	26	3	4	7	2	<b>57</b>
HR samtals:	24	37	53	27	10	15	13	<b>179</b>

Við allar deildir skólans eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir og viðfangsefnið eru margbreytileg. Margar rannsóknarstofnanir og -miðstöðvar eru starfræktar við skólann (sjá töflu yfir rannsóknarstofnanir 2009) og starfa þar vísindamenn og nemendur að mörgum áhugaverðum rannsóknarverkefnum, oft í nánu samstarfi við virta erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir.

Nýtt Rannsóknarráð HR, sem hefur það megin hlutverk að styðja við og efla rannsóknir við skólann, var skipað á árinu. Í ráðinu eru:

- Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við kennslufræði- og lýðheilsudeild.
- Brynjar Karlsson, dósent við tækni- og verkfræðideild.
- Luca Aceto, prófessor við tölvunarfræðideild (formaður).
- Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild.
- Valdimar Sigurðsson, Nova dósent við viðskiptadeild.
- Yngvi Björnsson, dósent við tölvunarfræðideild.

Á árinu 2009, eins og á árunum 2007 og 2008, var gert ítarlegt mat á rannsóknarárangri allra akademískra starfsmanna við skólann af 5 manna nefnd erlendra sérfræðinga. Þetta árlega mat á rannsóknarárangri er m.a. liður í að efla akademískan styrk skólans og ná settum markmiðum með uppbyggingu á innri starfsemi hans. Rannsóknarráð HR hefur yfirumsjón með matinu sem síðan er lagt til grundvallar við skiptingu alls rannsóknarfjár

frá menntamálaráðuneytinu. Matið er einnig afar mikilvægur þáttur í gæðaeftirliti rannsókna við skólann. Niðurstöðu matsins 2009 má sjá á töflu 2.

**Tafla 2. Niðurstaða rannsóknarmatsins 2009 (rannsóknir akademískra starfsmanna 2005–2009).**

Deild	Fjöldi akademískra starfsmanna metinn	Fjöldi akademískra starfsmanna metinn með hærra stig en 0 (núll)	Stigagjöf* erlendu matsnefndarinnar	Stig eftir upphækun (3 = 4 stig og 4 = 6 stig)	Lokastig (samkv. ákveðnum reiknireglum)
Tækni- og verkfræðideild	45	40	82	99	89,4
Lagadeild	16	13	25	29	25,0
Kennslufræði- og lýðheilsideild	17	14	42	57	30,4
Tölvunarfræðideild	24	24	59	75	74,0
Viðskiptadeild	31	24	42	47	37,2
<b>SAMTALS:</b>	<b>133</b>	<b>115</b>	<b>250</b>	<b>307</b>	<b>256</b>

\* Stigin sem erlenda matsnefndin gefur:

0 - None or insignificant research activity.


1 - Little but nontrivial research activity.

2 - Contributes to the research community but little impact.

3 - Considerable and active participant in the research community, with a clear contribution and impact.


4 - Significant and active participant in the research community, with a substantial contribution and impact.

**Hlutfallsleg skipting á rannsóknarframlagi ríkisins 2010 samkvæmt niðurstöðu matsins 2009.**




Á árinu 2009 stóðu akademískir starfsmenn skólans sig mjög vel í sókn sinni í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði. Heildarstyrkupphæð til skólans úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs hefur aukist ár frá ári og 2009 fékk skólinn um 80 milljónir króna til 14 verkefna. Skólinn hefur einnig aukið jafnt og þétt sókn sína í erlenda samkeppnissjóði.

**Úthlutun úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs til Háskólans í Reykjavík 2005–2009.**




**Sjálfsaflafé per akademískt stöðugildi árin 2007–2009.**



Fjöldi birtinga á ritrýndum vettvangi hefur einnig aukist ár frá ári og að sama skapi fjöldi birtinga í viðurkenndum ritrýndum erlendum tímaritum.

**Birtingar akademískra starfsmanna HR í ritrýndum tímaritum 2009**



Á síðari hluta ársins 2007 var stofnaður sérstakur Þróunarsjóður HR og var fyrst úthlutað úr sjóðnum á árinu 2008. Á árinu 2009 bárust 39 umsóknir um svokallaða stefnustyrki. Flestar umsóknir snerust um að efla rannsóknir eða 24, 7 voru vegna nýsköpunar í kennslu og 8 vegna styrkingar tengslanets. Að þessu sinni var einnig opnað fyrir umsóknir um styrki til að ráða nýdoktora og/eða doktorsnema og bárust alls 11 umsóknir. Alls hlutu 17 verkefni styrki að þessu sinni og var úthlutað um 39 milljónum króna. Tafla 3 sýnir þau verkefni er hlutu styrk árið 2009.

**Tafla 3. Úthlutun úr Þróunarsjóði HR 2009.**

Verkefnisstjóri	Heiti verkefnis	Styrkur (þús.kr.)
<b>Styrkir til rannsókna</b>		
Andrei Manolescu	Coulomb interaction and current flow in quantum devices	4.000
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir	Rethinking Iceland's spatial planning at a time of transformation	500
Brynjarr Karlsson	Samhæfing legs til virkra samdráttá	3.200
Karl Ægir Karlsson	Sleep-wake modulation of gene expression in zebra fish ( <i>Danio rerio</i> )	2.000
Marina Candi	Rannsóknarstaða við viðskiptadeild	3.000
Marjan Sirjani	Reactive Objects in Real-time Applications: RORA (The Pilot Project)	2.700
Ólafur Guðmundsson	Orkutengdar jarðskjálftamælingar á Reykjanesi	1.400
Rögnvaldur J. Sæmundsson	Notkun fagurfræðilegrar hönnunar í tækninýsköpun	3.000
Slawomir Marcin Koziel	Robust Automated Surrogate-Based Optimization of Microwave and RF Structures and Devices	700
<b>Styrkir til nýsköpunar í kennslu</b>		
Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði – lagaumgjörð stjórnsýslu og réttarvernd þátttakenda.		1.000
Ásrún Matthíasdóttir	Prófasett	4.000
Haraldur Auðunsson	Röntgenbúnaður í eðlisfræði	1.000
Styrkir til eflingar tengslanets	General Game-Playing (GGP) project.	670
Bjarni Vilhjálmur Halldórsson	Collaboration with the center for computational molecular biology at Brown University	2.800
Kristín Haraldsdóttir	Samstarfssamningur við lagadeild Óslóarháskóla á sviði auðlindamála	
Marco Raberto	Managing financial instability in capitalistic economies: new theoretical approaches and policy design issues	1.000
<b>Styrkir til nýdoktora/doktorsnema</b>		
Turbulence laboratory.		2.000
Ágúst Valfells	Investigation of some basic properties of microscopic and nanoscale vacuum electronic devices	4.560.000
Einar Steingrímsson	Algebraic Combinatorics and Geometry	2.280.000
Karl Ægir Karlsson	Zebra fish electrophysiology	2.280.000
<b>Samtals:</b>		<b>38.711.000</b>



## OPNI HÁSKÓLINN Í HR

Hlutverk Opna háskólans í HR er að virkja þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði með faglegu og hagnýtu námi. Opni háskólinn þjónar atvinnulífínu með fjölbreyttu framboði öflugra námsleiða undir leiðsögn innlendra og erlendra sérfræðinga. Opni háskólinn auðgar íslenskt samfélag með miðlun og virkjun þekkingar utan hefðbundinna námslína á háskólastigi.

### Skipulag

Opni háskólinn í HR samanstendur af 6 þekkingargáttum eða starfseiningum sem þjóna ólíkum hópum:

**FagMennt** (Continuous Education): Hagnýt námskeið til að auka færni og fagþekkingu einstaklinga. Boðið er upp á námsbrautir til ECTS eininga í samstarfi við akademískar deildir, nám til löggildingar verðbréfamiðlara, bókara og fasteignasala, stutt opin námskeið og stök námskeið á háskólastigi.

**StjórnMennt** (Executive Education): Áhrifaríkar leiðir til að efla rekstur, rækta stjórnendur og starfsfólk. Meðal annars er boðið upp á sérsniðin þekkingarsetur vinnustaða fyrir valda starfsmannahópa, opin námskeið fyrir stjórnendahópa, úrval af stökum námskeiðum fyrir vinnustaði og hópa, og fjölda opinna námskeiða fyrir stjórnendur.

**FrumgreinaMennt** (Preliminary Education): Sértæk námskeið til að brúa bilið inn í háskólanám. Frumgreinanám Háskólans í Reykjavík byggir á rúmlega 40 ára hefð og er kjörin leið fyrir fullorðið fólk, með reynslu úr atvinnulífínu sem stefnir að háskólanámi. Námið tekur frá einni önn til fjögurra anna, allt eftir undirbúningi umsækjenda. Allir áfangar eru kenndir bæði á haust- og vorönn.

**FrumkvöðlaMennt** (Entrepreneurial Education): Viðskiptasmiðja fyrir frumkvöðla í samstarfi við Klakið.

**GrunnMennt** (Youth Education): Námskeið fyrir bráðger og námsfús börn í samstarfi við AdAstra.

**FjarMennt** (Distance Education): Þekking í fjarnámi - á þínum forsendum á þínum tíma. Valin námskeið í fjarnámi fyrir sérfræðinga, stjórnendur og nemendur í frumgreinum og völdum eininganámskeiðum.

### Þjónusta

Rúmlega 500 námskeið eru á námsskrá Opna háskólans og um 280 leiðbeinendur koma að kennslu en í þeim hópi eru fræðimenn HR, frumgreinakennarar og kennarar erlendra samstarfsháskóla auk sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi. Opni háskólinn vinnur með mörgum stærstu fyrirtækjum landsins, útskrifar fjölda nemendur með löggildingar- og starfsréttindi og af námsbrautum sem samsvara ígildi ECTS eininga. Þá brúar Opni háskólinn bil inn í háskólanám með einni elstu frumgreinadeild landsins. Að auki vinnur Opni háskólinn með fjölda virtra háskóla og fræðasetra.

### Starfsemi

Um 7.800 nemendur sóttu námskeið og viðburði í Opna háskólanum í HR árið 2009, en alls voru haldin 580 námskeið á árinu. Þá þjónaði Opni háskólinn fleiri en 90 fyrirtækjum á árinu með sérsniðnum námskeiðum og viðburðum. Rúmlega 30 þróunarverkefni voru unnin á árinu, þar af var 13 strax ýtt úr vör.



### Opni háskólinn útskrifaði nemendur m.a. af eftirfarandi námsbrautum árið 2009:

Frumgreinar – 49  
Almennir bókarar – 43  
Viðurkenndir bókarar – 47  
Fasteignasalar – 20  
Mannauðsstjórnun – 16  
Stjórnun og rekstur – 16  
Alþjóðaviðskipti – 8  
Vátrygginganám – 24

	2007	2008	2009
Fjöldi nemenda / þáttakenda	4970	6884	7800
Fjöldi leiðbeinenda / Þjálfara	90	223	300
Fjöldi formlegra samstarfsaðila (strategic alliances)	3	11	19

### Nýjungar á árinu

Opni háskólinn tók upp fjölmargar nýjungar á árinu. Má þar nefna ný námskeið í jákvæðri sálfræði, innri endurskoðun og fjármálafærni fermingarbarna og námsbrautir í verkefnastjórnun og ferðamálum og þjónustu. Þá voru ýmsar nýjungar innleiddar í innra starfi. Til dæmis var allt kynningar- og markaðs-efni endurbætt, vefsíða endurhönnuð frá grunni og gefið út rafrænt fréttabréf sex sinnum á árinu.

### Starfsmenn

22 fastráðnir starfsmenn vinna hjá Opna háskólanum í HR og leitað er til um það bil 300 kennara og sérfræðinga innan og utan skólans. Opni háskólinn er skipaður úrvals teymi öflugra verkefnastjóra, þjónustufulltrúa forstöðumanna og frumgreinakennara.

Starfsfólk Opna háskólans leggur metnað sinn í framúrskarandi og árangursríkar þekkingarlausnir fyrir vinnustaði. Við vinnum náið með fjölda fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka að gera góða hluti enn betur! Þjónusta okkar einkennist af fagmennsku, krafti og gleði.

## STÚDENTAÞJÓNUSTA

Árið 2009 voru starfandi fjórir náms- og starfsráðgjafar við Háskólann í Reykjavík hjá Stúdenta- og atvinnuþjónustu skólans. Atvinnuþjónusta HR var á árinu sett formlega undir Stúdentaþjónustuna en við Atvinnuþjónustuna starfar einn af fjórum náms- og starfsráðgjöfum Stúdentaþjónustu í hálfu starfi. Markmið Stúdentaþjónustunnar er að auka samkeppnishæfni og lífsgæði nemenda, stuðla að því að nemendur styrkist sem einstaklingar og námsmenn og nái metnaðarfullum markmiðum sínum.

### Markmið Stúdenta- og atvinnuþjónustu HR er að styrkja stöðu nemenda m.a. með því að:

- Efla sjálfsþekkingu þeirra, sjálfsöryggi og metnað meðal annars með því að styrkja fagleg vinnubrögð og þverfaglega færni.
- Hvetja nemendur til að tengja eigin styrkleika, áhugasvið og gildismat við starfsumhverfi framtíðar í því skyni að skapa metnaðarfulla framtíðarsýn.
- Undirbúa nemendur fyrir starfsleit og miðla störfum við hæfi.

### Viðtöl


Náms- og starfsráðgjafar eru með viðtalstíma fyrir nemendur skólans og aðra sem sækjast eftir upplýsingum um nám í HR. Boðið er upp á opna viðtalstíma alla daga nema föstudaga bæði fyrir og eftir hádegi. Viðtalstímar eru í boði á öllum þremur starfsstöðvum skólans. Heildarfjöldi skráðra viðtala árið 2009 var um 1.637, auk þess voru veitt 768 samviðtöl og 1.402 fyrirspurnum var svarað í tölvupósti.

### Þverfagleg námskeið

Stúdentaþjónusta HR býður nemendum skólans fjölbreytt þverfagleg námskeið þar sem meðal annars er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér markmiðssetningu, tímastjórnun, lestrartækni, próftækni og fleira sem stuðlar að betri árangri í námi. Boðið var upp á ný námskeið á vegum Stúdentaþjónustunnar árið 2009 en samtals voru námskeiðin 75. Alls sóttu 1.442 nemendur námskeið Stúdentaþjónustunnar á árinu sem er veruleg aukning milli ára.

Matsblöð eru lögð fyrir nemendur eftir öll námskeið. Yfir 90% nemenda sem hafa sótt námskeiðin gefa námskeiðunum 8, 9 eða 10 í einkunn.

### Styrkir til afburðanemenda



### Styrkir til afburðanemenda

Stúdentaþjónusta HR hefur umsjón með styrkjum fyrir nemendur sem hafa náð afburðaárangri. Þeir nemendur sem bestum árangri ná á hverju próftímabili í grunnnámi eiga kost á að komast á Forsetalista og fá skólagjöld næstu annar niðurfelld. Miðað er við að um 3% nemenda í tiltekinni grein komist á Forsetalista hverju sinni. Alls voru 134 nemendur á Forsetalista árið 2009, 63 á vorönn og 71 á haustönn. Árið 2007 voru í fyrsta sinn veittir nýnemastyrkir við Háskólann í Reykjavík en styrkurinn nemur skólagjöldum á fyrstu önn námsins. Alls fá 35 nemendur nýnemastyrk og þurfa umsækjendur að hafa minnst 8,0 í meðaleinkunn á stúdentsprófi til að hafa möguleika á að hljóta styrkinn. Haustið 2009 veitti skólinn í fyrsta skipti nýnemastyrk til meistaranema. Alls hljóta 10 meistaranámsnemendur nýnemastyrk og byggist valið á einkunn og því hvort æskilegur undirbúningur sé til staðar fyrir það nám sem sótt er um. Auk þess er tekið mið af starfsreynslu, verkefnum sem styrkumsækjandi hefur komið að og persónulegri yfirlýsingu í umsókn. Ýmsir fleiri styrkir eru veittir til nemenda sem ná afburðaárangri innan HR.

### Áhugakönnun

Stúdentaþjónusta HR sér um að framkvæmda Áhugakönnun Strong nokkrum sinnum á önn. Áhugakönnun Strong (Strong Interest Inventory) er elsta og mest rannsakaða áhugasviðspróf í heimi. Niðurstöðurnar segja til um í hvaða átt áhugi viðkomandi beinist varðandi val á námi, starfi og tómstundum. Enn fremur hvernig áhugasvið einstaklingsins fellur að áhugasviði fólks í hinum ýmsu starfsgreinum.

### Aðstoðarkerfi

Stúdentaþjónusta HR sér um aðstoðarkerfi fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika eða hamlanir. Í sérúrræðanefnd eiga sæti fulltrúi kennsluviðs, Stúdentaþjónustu, akademískra deilda og læknir. Nemendur þurfa að skila greiningu frá sérfræðingi til að hægt sé að veita þeim sérúrræði í námi. Skriflegir samningar eru gerðir við nemendur þar sem fram koma þau úrræði sem veitt eru á náms- og prófatíma.

## ATVINNUÞJÓNUSTA

Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík byggir á sterkum tengslum við íslenskt atvinnulíf. Með stofnun atvinnuþjónustu árið 2006 steig HR fram, fyrstur íslenskra háskóla með slíka þjónustu. Meginmarkmið hennar er að greiða leið nemenda og fyrirtækja að árangursríkum ráðningum og styrkja þannig tengsl skólans við viðskiptalífið enn frekar, auka færni nemenda með kennslu og þjálfun og stuðla að samskiptaleikni og metnaði þeirra til að stíga fram af áræðni í leit að starfi.

Atvinnuþjónustan nær bæði til núverandi nemenda og þeirra sem þegar hafa útskrifast frá HR og nýtist þjónustan því ekki síður fyrirtækjum sem óska eftir starfskrafti með ákveðna starfsreynslu. Atvinnuþjónustan miðlar jafnt framtíðarstörfum sem og hluta- og sumarstörfum. Árið 2009 var starfandi ráðgjafi í hálfu starfi hjá Atvinnuþjónustu HR. Að jafnaði eru ríflega 1.200 núverandi og fyrrverandi nemendur HR skráðir í Atvinnuþjónustuna og hafa þeir mjög fjölbreyttan bakgrunn og menntun úr öllum deildum skólans.

Atvinnuþjónustan leggur einnig áherslu á að fylgjast grannt með horfum útskriftarnemenda á vinnumarkaði og leggur í því augnamiði fyrir könnun meðal þeirra fyrir við hverja útskrift. Samkvæmt könnun sem gerð var í byrjun árs 2009 höfðu 62% nemenda ráðið sig til starfa eða fengið atvinnu-tilboð mánuði fyrir útskrift. Sama könnun, sem lögð var fyrir útskriftarnemendur í júní 2009, leiddi í ljós að 82% þeirra höfðu fengið starf eða atvinnu-tilboð mánuði fyrir útskrift.

Á árinu voru haldnar níu fjölbreyttar vinnustofur og fimm örfyrirlestrar með alls 274 þátttakendum. Vinnustofurnar lutu meðal annars að atvinnutækifærum lögfræðinga, viðskiptafræðinga og verkfræðinga. Fjallað var um samningatækni, ferilskrá og atvinnuviðtöl svo að eitthvað sé nefnt. Oftar en ekki komu góðir gestir út atvinnulífina á vinnustofur og fluttu áhugaverð erindi.

Um 350 nemendur komu í einstaklingsráðgjöf til Atvinnuþjónustunnar. Hún miðlaði til núverandi og fyrrverandi nemenda samtals 79 atvinnutækifærum á árinu og var um að ræða jafnt framtíðarstörf sem sumar- eða hlutastörf svo og tímabundin verkefni.

Fagráð Atvinnuþjónustunnar hittist þrisvar á árinu með það að markmiði að efla þjónustuna enn frekar.

## FRÆ-IÐ

### Pegar vel er sáð...

Þegar FRÆinu var hleypt af stokkunum á 10 ára afmæli Háskólans í Reykjavík árið 2008 var það gert með eftirfarandi orðum:

„Háskólinn í Reykjavík fagnar nú 10 ára starfsafmæli sínu sem einkarekinn háskóli. Á nýjum tug sáum við fræi ... fræi sem í frjósömum jarðvegi íslensks samfélags getur vaxið og orðið ein af styrkum stofnum þess ... tímgastr - borið frjósaman ávöxt. Við, skólinn, starfsfólk, núverandi og fyrrverandi nemendur, viljum leggja okkar af mörkum til að auka enn frekar samkeppnishæfni og lífsgæði í samfélaginu. Það gerum við nú með því að gefa samtökum í þriðja geiranum, sem stuðla að almannaheill, aðgang að þekkingarmiðlun sem byggir á alþjóðlegum grunni, skapar uppsprettur fyrir nýja þekkingu, nýsköpun og frumkvöðlastarf.“ FRÆ-ið er í höndum Atvinnuþjónustu HR og sinnir ráðgjafi hennar verkefnum FRÆ-sins.

### Fyrir hverja?

Samtök og félag sem vinna að almannaheill geta óskað eftir aðstoð við ákveðin verk eða umsjón með verkefnum, einnig þeir einstaklingar sem hyggjast stofna almannaheillasamtök eða hafa hug á að stofna til verkefna í almannaþágu.

Starfsmenn og nemendur Háskólans í Reykjavík munu kappkosta að sinna þeim verkefnum sem berast eftir bestu getu en nauðsynlegt getur verið að forgangsraða verkefnum.

Starfsmenn Háskólans í Reykjavík sem og nemendur skólans, bæði núverandi og fyrrverandi, leggja FRÆinu lið með verkum sínum.

### Dæmi um verkefni sem FRÆið hefur komið að frá stofnun eru:

**Nýttu kraftinn.** Aðstoð við uppbyggingu verkefnisins, fræðsla, ráðgjöf og handleiðsla við þátttakendur. Nú þegar er heildarfjöldi þátttakenda í NÝTTU KRAFTINN kominn í um 185.

**Sjálfbóðaliðastörf nemenda sumar og haust 2009.** Meðal verkefna má nefna t.d. aðkomu að vefsíðugerð fyrir Geðhjálp og Ljósíð og vinasöfnun fyrir Barnaheill, verkefnavinnu fyrir Krabbameinsfélagið ásamt gerð kostnaðaráætlunar fyrir notendastýrða þjónustu fyrir fatlaða.

**Fjölskylduhjálpar Íslands.** Brugðist var við kalli Fjölskylduhjálpar Íslands með fatasöfnun meðal nemenda og starfsfólks skólans. Yfir 600 flíkur söfnuðust á fáeinum dögum.

**Þjóðfundur.** Starfsfólk úr Háskólanum í Reykjavík tók virkan þátt í vinnu vegna Þjóðfundarins sem haldinn var í nóvember 2009.

## ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa Háskólans í Reykjavík ber ábyrgð á alþjóðavæðingu skólans en hún felur í sér aukin tengsl við erlenda háskóla vegna skiptináms og annarra samstarfsverkefna. Alþjóðaskrifstofan stuðlar meðal annars að aukinni þátttöku Háskólans í Reykjavík í hinum ýmsu áætlunum Evrópusambandsins á sviði vísinda, menntunar og þjálfunar, sem og auknum stúdenta- og kennaraskiptum við háskóla erlendis. Markmiðið er að senda sem flesta nemendur út í skiptináms og bjóða fleirum upp á alþjóðlega reynslu.

Stúdentaskipti veita háskólastúdentum tækifæri til að stunda nám við erlenda háskóla í eina eða tvær annir. Í desember 2009 höfðu verið gerðir samningar við tæplega 200 háskóla, flestir þeirra eru í viðskiptadeild en þeim fer fjölgandi í öðrum deildum. Virkir skiptinemasamningar voru 67 en stefna alþjóðaskrifstofunnar er að endurskoða gilda samninga og huga frekar að gæðum en magni. Fjölmargir samningar bættust við á sviði verkfræði og tölvunarfræði. Auk samninga innan Erasmus-áætlunar Evrópusambandsins gerðist VD meðlimur í norræna netinu NOREK en í því eru helstu viðskiptaskólar Norðurlanda. Þá bættust við fjölmargir samstarfsskólar í Evrópu, auk háskóla í Taiwan og S-Kóreu.

Skiptinimum HR fjölgaði umtalsvert árið 2009 og fóru 100 nemendur í skiptináms, ýmist í eitt eða tvö misseri. Flestir nemanna voru í VD eða 62.



## BÓKASAFN OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu HR (BUHR) er að styðja og efla sköpun og miðlun þekkingar við Háskólann í Reykjavík með því að safna efni á fræðasviðum skólans, gera það aðgengilegt og veita þeim er til safnsins leita framúrskarandi þjónustu. Áhersla er annars vegar lögð á hátt þjónustustig, hins vegar á rafræn gögn. Við setjum markið hátt og stefnum að því að stúdentar og starfsmenn HR hafi aðgang að rafrænu efni á sínum fræðasviðum sambærilegan við það sem best gerist í alþjóðlegu háskólasamfélagi.

### BUHR rækir hlutverk sitt með því að:

- Stuðla að upplýsingalæsi innan skólans með markvissri fræðslu og leiðsögn.
- Bjóða fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu.
- Greiða notendum leið að upplýsingum.
- Bjóða notendum aðgang að öflugri rafrænni þekkingarveitu.
- Fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingamála og taka þátt í samstarfi á þeim vettvangi.

### Rafrænt bókasafn

Stefna stjórnenda BUHR hefur frá upphafi verið að nýta upplýsingatæknina sem mest við uppbyggingu safnsins og er það að stærstum hluta rafrænt bókasafn. BUHR er áskrifandi að fjölmörgum lykilgagnasöfnum og u.þ.b. 25.000 rafrænum tímaritum á fræðasviðum HR, ýmist eitt eða í samstarfi við aðra. Áherslan á rafrænt bókasafn hefur gert BUHR kleift að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugri þróun náms og rannsókna við HR.

### Þjónusta

BUHR býður alla almenna bókasafnsþjónustu, s.s. útlán, millisafnalán og upplýsingaleitir. Árvekiþjónusta er mikilvægur liður í starfsemi, en henni er ætlað að auðvelda einstaklingum að fylgjast með því sem er efst á baugi á sérfræðisviði viðkomandi. Má þar nefna upplýsingar um nýtt efni hjá BUHR, rafrænar sendingar efnisyfirlita valinna tímarita og geymsluleitir í gagnasöfnum. BUHR heldur úti námsbókasafni þar sem kennarar geta látið taka frá efni vegna kennslu einstakra námskeiða. Í námsbókasafni eru eintök af öllum kennslubókum námskeiða á yfirstandandi önn og eintök af lokaritgerðum nemenda. Til marks um fjölbreytni þjónustunnar má nefna tækjastikur BUHR sem eru sérsníðnar að upplýsingaþörf einstakra deilda, einstaklingsráðgjöf vegna heimildaleitar, vefspjallið Cybrarian, póstlista BUHR yfir nýtt efni sem sendur er til áskrifenda mánaðarlega.


### Fræðsla

Upplýsingalæsisfræðsla er miðlægur þáttur í starfsemi BUHR. Upplýsingalæsi eykur hæfni einstaklinga til að takast á við sýbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi og búa sig undir frekara háskólanám og þátttöku í vísindasamfélagi. Bókasafns- og upplýsingafræðingar annast fræðslu í öllum deildum HR og er hún skipulögð í samvinnu við forstöðumenn og kennara. Áhersla er lögð á góða grunnfræðslu fyrir alla nemendur á fyrsta ári og upprifjun fyrir alla nemendur sem vinna að lokaritgerð. Fræðsluleiðir eru jafnframt fjölbreyttar. Boðið er uppá kennslu í notkun sérhæfðra gagnasafna, kennarar geta pantað bókasafns- og upplýsingafræðing í tíma í tengslum við verkefnavinnu og einstaklingar geta bókað tíma hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi og fengið persónulega aðstoð við heimildaleit.

Á safninu er starfrækt sérhæfð upplýsingaþjónusta á sviði Evrópuupplýsinga EU i. Þjónustan er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og starfar samkvæmt samningi BUHR við Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg. Hlutverk þjónustunnar er að styðja og efla háskólanám, háskólakennslu og rannsóknir á Íslandi, sem tengjast málefnum Evrópu.

BUHR er með starfsstöðvar í Ofanleiti og á Höfðabakka. Starfsmenn eru 7 í 6,5 stöðugildi, auk þess sem nemendur í HR manna afgreiðsluvaktir á safninu.

### Millisafnalán 2009, samtals 603



## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Árið einkenndist af áframhaldandi endurskoðun og breyttum áherslum. Útgjöld til markaðsmála voru dregin saman um það bil 50% frá árinu áður, þrátt fyrir að nú væri umsóknarfrestur settur bæði að vori og hausti. Til að mæta þessu var dregið úr auglýsingum í fjölmiðlum, áhersla lögð á rafræna útgáfu, efni unnið í auknum mæli innanhúss og aukin áhersla lögð á viðburðastjórn og vefmál. Í stað s.k. ímyndarherferða var aukin áhersla lögð á almannatengsl og kynningar á viðburðum, námi, nemendaverkefnum og rannsóknum við skólann. Mikil áhersla var lögð á að byggja aðgerðir á upplýsingum og þekkingu. Haldnir voru rýnihópar með nemendum úr öllum deildum skólans, gerð var könnun meðal nemenda og umsækjenda. Skólinn tók þátt í Háskólavagni Gallup, en einnig var gerð sérstök ímyndarkönnun fyrir skólann og fylgst með breytingum á trausti og gildismati í samfélaginu.

### Efnisgerð og nýtt útlit Háskólans í Reykjavík

Í samstarfi við auglýsingastofuna Gott fólk var nýtt grafískt útlit skólans þróað. Nýja útlitið var kynnt í febrúar, jafnframt var mikil vinna lögð í endurskoðun alls kynningarefnis, útgáfu einblöðunga, bæklinga og gerð myndbanda fyrir hverja deild og skólann í heild. Auk einblöðunga og bæklinga fyrir einstakrar námsbrautir var gefinn út rafrænn bæklingur fyrir allt grunnnám við skólann. Tímarit Háskólans í Reykjavík kom út í fyrsta sinn í maímánuði og var mjög vel tekið. Gert er ráð fyrir að tímaritið komi út einu sinni á ári. Nemendahandbók með helstu upplýsingum, siðareglum, náms- og prófareglum og fleiru var einnig gefin út í fyrsta sinn fyrir Nýnemadaga og mæltist hún vel fyrir.

### Vefmál

Sérstakur innri vefur starfsfólks Háskólans í Reykjavík, ESJAN, var tekinn í notkun um mitt árið. Esjunni er ætlað að auka innra upplýsingaflæði, gera skjöl, veftöl og tæki aðgengilegri og virka sem samfélagsvefur.

Nýtt vefkerfi fyrir ytri vef skólans var tekið í notkun í ágúst, en undirbúningur hófst um hálfu ári fyrr. Kerfið kallast Eplica, en samhliða breytingum á vefkerfinu var útliti vefsins og uppbyggingu breytt.

Nokkur námskeið voru haldin fyrir starfsfólk þar sem það fékk kynningu á þessum nýju kerfum og kennslu í notkun þeirra.

### Viðburðastjórn

Nokkrar breytingar voru gerðar á kynningarstarfi skólans og bryddað var upp á ýmsum nýjungum. Sem dæmi um nýjungar má nefna HR-daginn, fyrirlestramaráðun, ljósmyndasamkeppni, Fræ ársins, Hringekjuna, nýsköpunarvinnustofu grunnskólanema og nýsköpunar- og frumkvöðlasmiðju fyrir stjórnir skólafélaga framhaldsskóla.

Venju samkvæmt tók HR þátt í Háskóladeginum í febrúarmánuði, en á þeim degi kynna háskólar landsins, auk nokkurra norrænna háskóla, námsframboð sitt. Mikið fjölmenni var í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem HR og 5 aðrir háskólar tóku á móti gestum. Líkan af nýrri háskólabyggingu var flutt í Ráðhúsið, ásamt tækjum og tólum. Settur var upp sjónvarpsveggur þar sem sjá mátti myndbönd um nám við skólann. Sameiginlegar kynningar háskólanna fóru einnig fram á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi.

HR-dagurinn var haldinn 21. mars í húsakynnum skólans í Ofanleiti og í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Í Kringlunni kynntu nemendur og starfsfólk starfsemi skólans og námsframboð. Auk uppákoma mátti líta ýmis töl og tæki, verkefni nemenda og „kennslusýnishorn“. Bylgjan útvarpaði beint frá viðburðinum og lögðu þúsundir manna leið sína í Kringluna. Á sama tíma fóru fram námskynningar í Ofanleiti auk fyrirlestramaráðs þar sem 42 fræðimenn úr öllum deildum skólans fluttu örfyrirlestra. Í samstarfi við Stúdentafélag HR stóð skólinn fyrir ljósmyndasamkeppni og ljósmyndasýningu í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Á meðan á samkeppninni stóð var nemendum boðið að sækja námskeið í ljósmyndun og var þátttaka mjög góð. Ljósmyndasýningin var svo haldin í maímánuði og má gera ráð fyrir að nokkur þúsund manns hafi séð hana á þeim tveimur vikum sem hún stóð yfir.

Í októbermánuði fór af stað samstarf HR og Álftamýrarskóla sem fékk heitið Hringekjan. Um 120 börn í 8.-10. bekk tóku þátt í verkefninu auk 13 kennara úr Álftamýrarskóla, tækni- og verkfræðideild HR og tölvunarfræðideild HR. Markmiðið með samstarfinu var að gefa krökkunum nýja sýn á heim tækninnar og vekja forvitni þeirra og áhuga á tækni- og raungreinum.

Í nóvember tók HR þátt í Alþjóðlegri athafnavíku og sóttu hátt í 1.000 manns þá 22 atburði sem haldnir voru í tengslum við vikuna. Sem dæmi um viðburði, auk málstofa og fyrirlestra, má nefna að stjórnnum skólafélaga framhaldsskólanna var boðið að sækja leiðtoga- og frumkvöðlasmiðju, namar í tæknifræði buðu almenningi að fylgjast með því þegar þeir unnu að því að breyta bensínbíl í rafbíl, boðið var til hugmyndasmiðju og kynningarþjálfunar, laganemar veittu ráðgjöf á sviði hugverkarettar og skólinn ýtti úr vör verkefninu Fræ ársins. Markmiðið með Fræi ársins er að styðja við frumstig nýsköpunar og gefa frumkvöðlum tækifæri til að breyta hugmynd eða frumgerð í viðskiptaáætlun og sprotafyrirtæki.

Háskólinn í Reykjavík lagði eins og áður mikla áherslu á að kynna starfsemi sína fyrir framhaldsskólunemum og var útskriftarnemum framhaldsskóla landsins boðið í heimsókn í HR þar sem starfsfólk og nemendur skólans kynntu nám og aðra starfsemi skólans. Jafnframt voru sérstakar kynningar haldnar í nokkrum skólum.

Á Vísindavöku Rannís sýndi HR tæki, töl og kynnti ýmis skemmtileg og gagnvirk verkefni. Þá tók skólinn þátt í Framadögum sem stúdentafélagið AIESEC heldur árlega og kynnti þar framhaldsnám við skólann.

## HUGMYNDAHÚS HÁSKÓLANNA

Hugmyndahús háskólanna er frumkvöðlasetur Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Það var formlega opnað 12. maí 2008 að frumkvæði rektora háskólanna. Það hefur aðsetur í Grandagarði 2 í gamla Alliance húsinu.

Með hugmyndahúsinu vilja Háskólinn í Reykjavík og Lista-háskóli Íslands leggja sitt af mörkum til að aðstoða skapandi fólk við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Þar eiga sprotafyrirtæki á sviði tækni, vísinda, lista og hönnunar að geta tekið sín fyrstu skref.

Markmiðið er að skapa fimmtíu ný fyrirtæki sem veita um 500 manns atvinnu. Þegar hefur fjöldi fyrirtækja lítið dagsins ljós í húsinu.



## ÞETTA VAR Á MEÐAL ÞESS SEM GERÐIST Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK ÁRIÐ 2009...

- 26. janúar: Þremur fræðimönnum við Háskólann í Reykjavík var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir árið 2009. Alls var úthlutað styrkjum fyrir um 314 milljónir króna og komu rúmlega 32 milljónir króna í hlut fræðimanna HR, þeirra Einars Steingrímssonar, Magnúsar Más Halldórssonar og Valdimars Sigurðssonar.
- 27. janúar: Eff2 Technologies, sprotafyrirtæki HR, hlaut þriðju verðlaun í hinni árlegu nýsköpunarkeppni Genius í Austurríki. Um eitt hundruð sprotafyrirtæki og frumkvöðlar tóku þátt í keppninni. Fyrirtækið hlaut verðlaun fyrir uppfinningu sem heitir Videntifier Forensic, en það gerir lögregluþjónum kleift að bera kennsl á ólögleglegar myndir með sjálfvirkum hætti.
- 12. febrúar: Samtök iðnaðarins (SI) veittu tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild HR 45 milljóna króna styrk til þriggja ára. Fénu á að verja til kaupa á tækjum og kennslugögnum. Fjármagnið á einnig að nota til að bæta kennslu deildanna og til að hvetja nemendur og kennara deildanna til frekari afreka.
- 20. febrúar: Annað árið í röð unnu nemendur í vél- og orkutækni- og vél- og iðnaðarverkfræðinema Háskóla Íslands. Vinningshafarnir, Kristján Finnur Sæmundsson og Hjörtur Már Gestsson smíðuðu tækið og unnu keppnina. Aðstoða maður þeirra var Pétur Halldórsson, nemandi í líffræði við Háskóla Íslands og var jafnframt skráður fyrir liðinu. Að auki var Bjarni Malmquist Jónsson, nemandi í rafvæðingum í HR, í liðinu sem fékk verðlaun fyrir bestu hönnun í keppninni.
- 12. mars: Rannsóknir & greining varð tíu ára. Rannsóknarmiðstöðin sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki á Íslandi og erlendis og leiðir rannsóknaverkefni á þeim vettvangi í yfir 20 borgum í Evrópu.
- 30. apríl: Nýbygging Háskólans í Reykjavík var kynnt formlega fyrir starfsfólki og aðstandendum Háskólans í Reykjavík, í nýbyggingu háskólans við rætur Öskjuhlíðar upp af Nauthólsvík.
- 13. júní: Háskólinn í Reykjavík brautskráði 498 nemendur og hafa aldrei fleiri útskrifast frá skólanum. Nemendurnir útskrifuðust með 33 mismunandi prófgráður. Um 30% útskriftarnema útskrifuðust með meistara- og háskóla- og hafa aldrei svo margir meistaranemar verið útskrifaðir frá skólanum áður. Karlar voru í meirihluta útskrifaðra eða 54% og konur voru 46% útskrifaðra.
- 22. júní: Dr. Friðrik Már Baldursson, var ráðinn nýr forseti viðskiptadeildar HR í stað dr. Þorláks Karlssonar, sem tók við starfi forseta kennslufræði- og lýðheilsudeildar HR.
- 28. september: Menntamálaráðherra veitti Háskólanum í Reykjavík heimild til að bjóða doktorsnám í viðskiptafræði og lögfræði. Í heimild ráðherra er vísað til laga um háskóla nr. 63/2006, en þar segir að ráðherra geti veitt slíka heimild sýni viðkomandi háskóli fram á að hann uppfylli viðeigandi kröfur og skilyrði um doktorsnám í háskólum.
- 18. október: Þórdís Gísladóttir, lektor við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, var verðlaunuð fyrir einstakt framlag sitt til frjálsíþróttasambands Evrópu sem var haldið í Búdapest.
- 14. desember: Dr. Ari Kristinn Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, var skipaður rektor HR. Hann tekur við af dr. Svöfu Grönfeldt sem stýrt hefur skólanum undanfarin þrjú ár.



## ÁRSREIKNINGUR 2009

### Rekstrartekjur

Framlag Ríkissjóðs til kennslu og rannsókna	2.122.600.005	57,0%
Skólagjöld og aðrar tekjur	1.329.413.505	35,7%
Styrkir	271.295.927	7,3%
	3.723.309.437	100,0%

### Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	2.371.571.468	63,9%
Húsnæðiskostnaður	459.358.439	12,4%
Annar rekstrarkostnaður	783.090.744	21,1%
Afskriftir	94.809.269	2,6%
	3.708.829.920	100,0%

### Rekstrarafkoma

**35.976.184**

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur og verðbætur	91.875.484
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	551.723
	91.323.761

### Afkoma ársins

**105.803.278**

HÁSKÓLINN Í REYKAJVÍK  
MENNTAVEGI 1 | 101 REYKJAVÍK

SÍMI +354 599 6200  
FAX +354 599 6201  
WWW.HR.IS